


Ársreikningur 2024

Lánasjóður
sveitarfélaga ohf.




Efnisyfirlit




3-4	Tölulegar upplýsingar
5-20	Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra
21	Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra
22-24	Áritun óháðs endurskoðanda
25	Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
26	Efnahagsreikningur
27	Eiginfjáryfirlit
28	Sjóðstreymisyfirlit
29-49	Skýringar <i>Viðaukar - Óendurskoðaðir</i>
50-56	Viðauki I - Stjórnarháttayfirlýsing
57-63	Viðauki II - Hlutfall grænna eigna


Hreinar rekstrartekjur (m.kr)




Hagnaður ársins (m.kr)




Kostnaðarhlutfall




Vogunarhlutfall




Eiginfjárhlutfall




Meðalvextir verðtryggðra lánveitinga ársins



Lán til viðskiptavina eftir landshlutum (%)



Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra



Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. leggja fram skýrslu þessa með endurskoðuðum ársreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2024.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki, sem starfar eftir lögum um sjóðinn nr. 150/2006, hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og er undir eftirliti Seðlabanka Íslands. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn gefur út skuldabréf sem hafa verið tekin til viðskipta í kauphöll Nasdaq Iceland hf. og er viðskiptavakt með hluta bréfanna.

Afkoma og efnahagur

Hagnaður ársins nam 2.070 milljónum króna samanborið við 1.866 milljónir króna árið 2023. Hreinar vaxtatekjur í ár lækkuðu um 4% á milli ára, sem rekja má til lægri verðbólgu á árinu. Almennur rekstrarkostnaður jókst um 9%. Sú aukning er að mestu komin til vegna almennra verðlagshækkana á kaupum á vöru og þjónustu á árinu. Meðal ársverk sjóðsins voru 3 líkt og fyrri ár. Hagnaður ársins er færður á meðal eigin fjár.

Hagnaður ársins nam 2.070 milljónum króna


Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2025 verði ekki greiddur út arður til hluthafa vegna afkomu 2024, líkt og verið hefur undanfarin ár, til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.


Eigið fé Lánasjóðsins nam 24,8 milljörðum króna samanborið við 22,7 milljarða króna í árslok 2023 og hefur hækkað um 9,1% á milli ára. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 361% en var 416% í árslok 2023. Nánar má sjá útreikninga á eiginfjárlutfalli sjóðsins í skýringu 28.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 211 milljarðar króna samanborið við 200 milljarða króna í árslok 2023. Útlán sjóðsins námu 200 milljörðum króna í árslok samanborið við 191 milljarð króna í árslok 2023. Meginhlutverk Lánasjóðsins er að útvega sveitarfélögum lánsfé á hagstæðum kjörum. Á árinu veitti sjóðurinn 16,2 milljarða króna í ný útlán samanborið við 22 milljarða króna árið áður sem er 27% lækkun á milli ára.

Lánasjóðurinn fjármagnar lánveitingar sínar einna helst með útgáfu skuldabréfa á innlendum markaði. Á árinu 2024 hélt sjóðurinn sex útboð og var heildarsöluvirði þeirra útboða 13,9 milljarðar króna. Til samanburðar voru haldin 10 útboð á árinu 2023 og heildarsöluvirði þeirra útboða voru 18,8 milljarðar króna. Heildarútgæfið nafnverð í skuldabréfaflokki LSS 39 0303 var 31,9 milljarðar króna í árslok 2024 og 33,4 milljarðar króna í flokki LSS151155.

Eigið fé	Heildareignir	Heildarútlán	Útlán ársins	Heildarsöluvirði útboða
				
24,8 milljarðar	211 milljarðar	200 milljarðar	16,2, milljarðar	13,9 milljarðar





Heildarútgæfið nafnverð í grænum skuldabréfaflokki LSS040440 GB var 7,4 milljarðar króna í árslok. Engin útboð voru haldin í LSS040440 GB á árinu. Með útgáfu á grænum skuldabréfum hefur Lánasjóðurinn viljað styðja við framgang umhverfisbættandi verkefna hjá sveitarfélögum og bjóða þeim upp á vænlega fjármögnunarkosti í þeim efnum. Sjóðurinn gaf út framvinduskýrslu grænna útlána, þar sem tekinn er saman umhverfislegur ávinningur þeirra verkefna sem sjóðurinn hefur fjármagnað með grænum lánveitingum.

Eignarhald

Hluthafar Lánasjóðs sveitarfélaga voru 62 í árslok en hann er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Eignarhlutir í Lánasjóðnum geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu, samkvæmt lögum um sjóðinn. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 31.

Eigið fé

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að vega á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri. Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóðum og óráðstöfuðu eigin fé.



Lágmarks eigið fé samkvæmt 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er 8% af áhættuvegnum eignum. Til viðbótar ber fjármálafyrirtækjum að nota viðeigandi eiginfjáráuka til að bæta eiginfjárstöðu sína til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera þannig betur í stakk búin til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflur í hagkerfinu. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki þá ber Lánasjóðnum að binda, til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárhlutfall, 2,5% í verndunarauka og samkvæmt ákvörðun Seðlabankans 2,5% í sveiflujöfnunarauka af áhættugrunni. Eiginfjárkrafa fyrir Lánasjóðinn þann 31. desember 2024 er því 13%.

Lánasjóðurinn nýtir mildunarákvæði við eiginfjárútreikninga vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem þau taka hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem þau veita honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69. gr. sömu laga. Þetta felur í sér að Lánasjóðurinn mun við eiginfjárútreikning samkvæmt staðalaðferð nýta sér mildun vegna lána til sveitarfélaga, stofnana þeirra og fyrirtækja sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, samanber 2. gr. reglugerðar nr. 835/2012. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og vegið eiginfjárlutfall sjóðsins er 361% í árslok með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárlútreikning en án mildunar 54%. Nýting á veittri heimild er til þess fallin að styrkja stöðu og hlutverk Lánasjóðsins enn frekar. Eiginfjárlutfall sjóðsins í árslok 2023 var 416% miðað við stöðu útlána, en án mildunar var eiginfjárlutfall sjóðsins 53%. Sjá nánar í skýringu 28.

Áhættuþættir og áhættustýring

Tvær grundvallarreglur sem hafðar eru í heiðri í rekstri sjóðsins, í þeim tilgangi að lágmarka áhættu í daglegum rekstri, eru að útlán skulu almennt vera þöruð við lántökur og engin lánsloforð eru veitt nema fjármögnun sé lokið. Þannig er tryggt að sjóðurinn verði ekki uppiskroppa með laust fé til að mæta skuldbindingum sínum. Sveitarfélögin hafa heimild til að veita sjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar lánnum og þannig á að vera tryggt að sjóðurinn tapi ekki útlánnum. Sjá nánar í skýringu 4.

Stjórn ber ábyrgð á áhættustefnu Lánasjóðsins og skilgreinir áhættuvilja. Stjórn Lánasjóðsins samþykkir reglur um framkvæmd áhættustýringar, hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt og tryggir að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórn.





Útlánaáfhætta

Í árslok voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkaðar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og félögum í eigu þess) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Sökum þess að Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum, þá fá umræddar áhættuskuldbindingar áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án fullrar mildunar væru átta áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánasjóðnum í lok árs, líkt og árið áður.

Virðisrýrnunarsjóður útlána eykst með auknum útlánnum til sveitarfélaga. Niðurfærsla á árinu nam 1,9 milljónum króna og stendur virðisrýrnunarsjóður útlána í 44 milljónum króna í lok ársins. Sjá nánar í skýringu 16..

Lausafjáráhætta


Lausafjárhlutföll sjóðsins eru sterk þegar litið er til lausafjárþekju en samkvæmt reglum Seðlabankans nr. 266/2017 þá er innleitt 50% lágmarks lausafjárhlutfall í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfall í árslok var 320%. Sjá nánar í skýringu 4.

Stjórnarhættir

Stjórn Lánasjóðsins hefur tileinkað sér góða stjórnunarhætti og fylgir nýjustu útgáfu af "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2021. Stjórnarháttum Lánasjóðsins er nánar lýst í stjórnarháttayfirlýsingu sem má finna í óendurskoðuðum viðauka við ársreikninginn og á heimasíðu sjóðsins. Stjórnarháttayfirlýsingin er gerð í samræmi við viðeigandi lög, reglur og viðurkenndar leiðbeiningar sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur sjóðsins er staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra. Á árinu 2024 fékk Lánasjóðurinn viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Umsjónaraðili viðurkenningarferils er Stjórnvísí.



FYRIRMYNDARFYRIRTÆKI
Í STJÓRNARHÁTTUM





Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann, sem kjörnir eru á aðalfundi sjóðsins. Kynjahlutfall í aðalstjórn uppfyllir ákvæði laga um kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja. Allir stjórnarmenn eru óháðir starfsemi Lánasjóðsins.

Stjórn Lánasjóðsins ber ábyrgð á að til staðar sé virkt innra eftirlit til samræmis við lög og settar reglur. Lánasjóðurinn leggur áherslu á að verklag sé skjalfest, áhættur séu greindar og metnar, eftirlitsaðgerðir skilgreindar til að mæta viðkomandi áhættum og þannig draga úr áhrifum viðkomandi áhættuþátta. Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins. Stjórn Lánasjóðsins skipar endurskoðunarnefnd. Nefndin hefur það hlutverk að hafa eftirlit með vinnuferlum við gerð reikningsskila, endurskoðun á ársreikningi, fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, innra eftirlits og innri endurskoðunar. Einnig skal endurskoðunarnefnd leggja mat á óhæði endurskoðanda og hafa eftirlit með störfum hans.

Peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Lánasjóðnum ber samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að hindra að rekstur og starfsemi sjóðsins sé nýtt til peningaþvættis eða til að fjármagna hryðjuverkastarfsemi. Sjóðurinn hefur sett sér reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sér til þess að fullnægjandi eftirlit sé með greindum áhættuþáttum í starfsemi Lánasjóðsins svo hægt sé með skilvirkum hætti að draga úr og stýra áhættunni. Takmarkanir eru á starfsemi Lánasjóðsins og stundar sjóðurinn ekki fjármálaviðskipti við einstaklinga. Lánveitingar sjóðsins takmarkast í samræmi við sérlög um sjóðinn nr. 150/2006 við útlán til sveitarfélaga, fyrirtækja og stofnanna í þeirra eigu. Þá takmarkast útlán við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.





Lánasjóðurinn hefur framkvæmt áhættumat á rekstri sjóðsins og viðskiptum, þar sem leitast er við að bera kennsl á og meta áhættuna á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi sjóðsins. Þá skal sjóðurinn framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum sjóðsins við upphaf viðskiptasambands þar sem gerð er krafa um að viðskiptamenn, raunverulegur eigandi og aðilar sem hafa sérstaka heimild til að koma fram fyrir hönd viðskiptamanns sanni deili á sér. Lánasjóðurinn skal sannreyna þær upplýsingar á grundvelli viðurkenndra heimilda sem fengnar eru frá áreiðanlegum, trúverðum og óháðum aðilum t.d. úr opinberri skrá. Þá skulu aðilar sanna deili á sér með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja eða vottaðra afrita þeirra.

Lánasjóðurinn hefur skilgreint ábyrgðarmann yfir aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem heldur utan um málaflökkinn og áhættumat einstaka viðskiptamanna í starfsemi sjóðsins, auk þess að veita stjórn árlega skýrslu um stöðu verkefna tengdum aðgerðum gegn peningaþvætti. Þá hefur sjóðurinn sett sér siðareglur starfsmanna þar sem tekið er á grundvallareglum góðrar stjórnsýslu og að starfsmenn Lánasjóðsins fari ekki út fyrir umboð sín í störfum sínum né aðhafist ekkert sem getur falið í sér misnotkun á fjármunum.

Samfélagsleg ábyrgð

Lánasjóðurinn stuðlar að félagslegri og byggðalegri þróun með hlutverki sínu sem fest er í lögum og samþykktum hans en þar er kveðið á um að hann veiti sveitarfélögum lánafyrirgreiðslu vegna verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Undir þá skilgreiningu falla lögákveðin verkefni sveitarfélaga ef um er að ræða þjónustu sem einkaaðilar veita ekki. Starfsemi stofnana eða félaga í eigu sveitarfélaga sem eru í samkeppnisrekstri eða veita þjónustu sem er í samkeppni við einkaaðila fellur hins vegar utan þeirrar skilgreiningar. Auknar kröfur eru í samfélaginu að félög seti sér sjálfbærnistefnu og er hafin vinna innanhúss við áhættumat og ferlagreiningu. Sökum smæðar Lánasjóðsins hefur ekki verið formfest stefna í málum tengdum samfélagslegri ábyrgð umfram það sem felst í lögum og samþykktum Lánasjóðsins.

Í starfsemi sjóðsins er tryggt að öll sveitarfélög landsins hafi jafnan rétt til lántöku enda er meginhlutverk sjóðsins að tryggja íslenskum sveitarfélögum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Jafnframt er það markmið Lánasjóðsins að skapa öflugan samkeppni á lánsfjármarkaði fyrir sveitarfélög og fyrirtæki þeirra og reyna þannig að hafa áhrif á kjör þau sem íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar. Þetta styður við markmið sveitarfélaga um hagkvæman rekstur sem hefur þannig jákvæðan ávinning fyrir íbúa sveitarfélaganna.



Lánasjóðurinn leggur áherslu að starfsumhverfi sjóðsins sé hvetjandi og stuðli að ánægju og vellíðan starfsfólks. Lánasjóðurinn hefur sett sér mannauðs- og fjölbreytileikastefnu sem ætlað er að tryggja að unnið sé út frá sjónarmiðum jafnréttis, jafnræðis og fjölbreytileika. Þá er hvers konar mismunun, einelti eða áreitni aldrei liðin og hefur sjóðurinn útbúið stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni.

Kappkostað er að rækta sem best þann mannauð sem í starfsfólki sjóðsins býr, þannig að hvert þeirra fái notið hæfileika sinna og geti betur sinnt starfi sínu, sjálfum sér og starfsemi sjóðsins til hagsbóta. Ástunduð er regluleg endurgjöf og hvatning og leitast þannig við að efla og styrkja hæfileika starfsfólks. Starfsþróunarsamtöl eru tekin reglulega. Lögð er áhersla á að starfsumhverfið sé fjölskylduvænt og jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs. Fjarvinnustefna sjóðsins var samþykkt af stjórn í janúar 2023 sem ætlað er að veita starfsfólki möguleika á að vinna fjarri vinnustað og ráða í störf án staðsetninga.

Sjálfbærni og umhverfisleg ábyrgð

Í júní 2023 tóku gildi lög nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu sem byggir á reglugerð Evrópusambandsins nr. 2020/852 auk reglugerðar nr. 2021/2139 um flokkunarkerfi sjálfbærra fjárfestinga (e. EU Taxonomy). Flokkunarreglugerðin skilgreinir hvað telst vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi. Þar eru sett fram tæknileg matsviðmið sem skilgreina að hvaða marki atvinnustarfsemi eða tiltekin verkefni fyrirtækja telst umhverfislega sjálfbær.





Í samræmi við 8. gr. flokkunarreglugerðar nr. 2020/852 þá ber Lánasjóðnum skylda að birta ófjárhagslega upplýsingagjöf samhliða birtingu ársreiknings um hvernig og að hvaða marki starfsemi sjóðsins tengist atvinnustarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær sbr. 3. gr. og 9. gr. sömu reglugerðar. Lánasjóðnum ber einnig skylda að upplýsa um hversu hátt hlutfall af veltu sjóðsins sé tilkomið vegna lánveitinga sem tengist atvinnustarfsemi sem uppfyllir matsviðmið til að vera umhverfislega sjálfbær og hversu hátt hlutfall fjárfestingaútgjalda og rekstrarútgjalda tengjast eignum og ferlum sem tengjast atvinnustarfsemi sem uppfyllir matsviðmið til að teljast umhverfislega sjálfbær.

Til að geta flokkað atvinnustarfsemi sem umhverfislega sjálfbæra þá skal viðkomandi starfsemi stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 9. gr.

Starfsemi Lánasjóðsins er lánveitingar til sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana í þeirra eigu. Lánasjóðurinn flokkar allar nýjar lánveitingar í samræmi við ákvæði flokkunarreglugerðar. Voru allar lánveitingar á árinu flokkaðar miðað við þau verkefni sem lánað var til og lagt mat á hvort þau féllu undir þá flokka sem skilgreindir eru samkvæmt flokkunarreglugerðinni. Um 56% af lánveitingum ársins féllu undir flokkana nýbyggingar eða endurnýjun bygginga. Þá var 4% af lánveitingum ársins veitt til fráveituverkefna sveitarfélaga og 3% í hitaveituverkefni. Um 1% af lánveitingum ársins voru veitt til hafnarframkvæmda og 1% til gatnagerðar. Þá er um 35% af lánveitingum ársins sem falla undir óflokkað og teljast því ekki til hæfra verkefna undir flokkunarreglugerð nr. 2021/2139.

Lánasjóðnum ber skylda til að gera grein fyrir þeim verkefnum sem falla undir að vera aðlöguð að flokkunarreglugerðinni og uppfylla tæknileg matsviðmið sem þar koma fram. Lánasjóðurinn hefur sett sér það verklag að langtímalán sjóðsins séu flokkuð út frá flokkunarreglugerðinni og lántakendur svari spurningalista því tengt áður en til lánveitingar kemur. Á árinu 2024 gat enginn lántaki staðfest að viðkomandi verkefni uppfyllti tæknileg matsviðmið flokkunarreglugerðar að öllu leyti.

Reglugerð nr. 2021/2139, kafli nr.	Hæf lán skv. skilgreiningu reglugerðar		Lán sem uppfylla tæknileg skilyrði reglugerðar	
	2024	2023	2024	2023
Fjárhæðir í m.kr.				
4.18. Samþætt vinnsla varma/kælingar og raforku úr jarðvarmaorku	0	800	0	0
4.22. Framleiðsla á varma/kælingu úr jarðvarmaorku	470	13	0	0
5.1. Uppbygging, stækkun og starfræksla vatnsöflunar-, vatnshreinsi- og vatnsveitukerfa	0	151	0	0
5.3. Uppbygging, stækkun og starfræksla skólpsöfnunar og -hreinsunarkerfa	700	95	0	0
5.5. Söfnun og flutningur á hættulausum úrgangi sem er aðgreindur í hluta við upptök	0	35	0	0
6.13. Grunnvirki fyrir ferlimál einstaklinga, nytjahj.flutn.stj.	90	187	0	0
6.15. Grunnvirki sem gera flutninga á vegum og almennissamgöngur með litla losun kolefna möguleg	50	0	0	0
6.16. Grunnvirki fyrir flutninga á sjó og vatnaleiðum	200	544	0	0
7.1. Smíði nýrra bygginga	7.597	13.522	0	0
7.2. Endurnýjun bygginga sem fyrir eru	1.380	1.241		
Samtals	10.487	16.588	0	0
Lán sem eru ekki hæf skv. reglugerð	5.668	5.453	0	0
Heildarútlán ársins 2023	16.155	22.041	0	0




Lánasjóðurinn hefur gefið út græn skuldabréf frá 2020 og endurlánað til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Sjóðurinn veitir græn lán í samræmi við græna umgjörð sem byggir á viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) í samræmi við kröfur Green Bond Principles. Grænum lánum til sveitarfélaga er því ætlað að veita sveitarfélögum fjárhagslegan hvata til að velja frekar verkefni innan sveitarfélagsins sem stuðla að umhverfisvernd og sporna gegn loftslagsbreytingum.

Lánasjóðurinn gaf ekki út grænt skuldabréf á árinu 2024 en veitti lán til tveggja aðila að fjárhæð 120 milljónir króna. Annars vegar var lánað vegna fráveituframkvæmda og hins vegar var lánað vegna hitaveituframkvæmda. Grænar lánveitingar á árinu 2024 voru 1% af heildar lánveitingum ársins.

Lánasjóðurinn hefur sett sér markmið að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og ákvarðanatöku, í samræmi við umhverfisstefnu sína. Lánasjóðurinn hvetur sveitarfélög til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar með því að ráðast í verkefni sem milda loftslagsbreytingar og hafa jákvæð umhverfisáhrif. Meðal verkefna sem Lánasjóðurinn hefur fjármagnað með grænum lánveitingum eru BREEM og Svansvottaðar byggingar og endurbætur bygginga, rafmagnsstrætisvagnar, rafvæðing hafna, hreinsistöðvar og hitaveituframkvæmdir þar sem orkunýting batnaði um meira en 25%.

Lánasjóðurinn er aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni. Lögð er áhersla í starfsemi sjóðsins að halda fundi í gegnum fjárfundabúnað hjá stjórn og með sveitarfélögum þar sem því er viðkomið. Sjóðurinn hefur dregið verulega úr pappírnotkun með því að lágmarka prentun. Sjóðurinn fylgir ákvæðum laga um hringrásahagkerfið og hefur verulega endurbætt meðhöndlun úrgangs á skrifstofu Lánasjóðsins og leggur mikla áherslu á forvarnir sem varða úrgangsmýndun, endurnotkun og endurvinnslu.



Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfum samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglum um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu sjóðsins og sjóðstreymi vegna ársins 2024 og fjárhagsstöðu 31. desember 2024. Enn fremur er það álit okkar að ársreikningurinn ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmastjóra lýsi þeim megin áhættum og óvissupáttum sem sjóðurinn stendur frammi fyrir.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. febrúar 2025

Kristinn Jónasson, stjórnarformaður
Fannar Jónasson
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Halldóra Káradóttir
Íris Róbertsdóttir

Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. („sjóðurinn“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og að við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum kjörin endurskoðendur á aðalfundi Lánasjóðsins þann 1. apríl 2022 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

Lykilþáttur	Viðbrögð í endurskoðuninni
<p>Útlán og kröfur á viðskiptavini.</p> <p>Bókfært verð útlána og krafna á viðskiptavini nam 200.021 millj. kr. og er 95% af eignum sjóðsins í árslok 2024.</p> <p>Útlán og kröfur á viðskiptavini eru fjáreignir með föstum eða skilgreindum vöxtum og eru ekki skráðar á virkum markaði. Til þeirra stofnast þegar sjóðurinn greiðir fjármuni beint til skuldara án þess að til standi að selja kröfuna. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna á viðskiptavini. Útlán eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla.</p> <p>Þar sem útlán og kröfur eru verulegur hluti af eignum sjóðsins þá er það lykilþáttur í endurskoðun okkar að staðfesta að lánin séu til í árslok og að uppreikningur þeirra sé í samræmi við lánasamninga.</p> <p>Vísað er til skýringar 2.7 um reikningsskilaaðferðir og skýringar 16 um fjárhagsupplýsingar.</p>	<p>Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að staðfesta eignarhald sjóðsins á útlánum í árslok og að yfirfara uppreikning á stöðu þeirra. Í þeirri vinnu fólst meðal annars að:</p> <ul style="list-style-type: none">* Skráning í lánakerfi var yfirfarin, og staðfest að forsendur lána væru í samræmi við undirliggjandi lánasamning.* Endurreikningur var gerður á úrtaki lána miðað við forsendur lánasamninga, og staðfest að stöður í ársreikningi væru í samræmi við endurreikning.* Afstemmingar milli ársreiknings og lánakerfis voru yfirfarnar.* Gerðar voru væntingar um vexti og verðbætur og uppreiknaðar væntingar bornar saman við tekjufærslur í ársreikningi.* Við yfirförum skýringar í ársreikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur kveða á um kæmu fram.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í íslenskum lögum og reglum um ársreikninga skráðra félaga á Íslandi og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglina um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins, frh.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun og staðfesting vegna annarra ákvæða laga og reglna

Áritun vegna sameiginlegs rafræns skýrslusniðs (ESEF reglur)

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á því hvort ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. fyrir árið 2024 með skráarheitið LS-2024-12-31-IS hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið í samræmi við reglugerð ESB 2019/815 sem inniheldur skilyrði sem tengjast gerð ársreikningsins á XHTML formi og iXBRL merkingum.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð ársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021. Í því felst meðal annars að útbúa ársreikninginn á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar ESB 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið.

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu, byggt á gögnum sem við höfum aflað, um hvort ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álit okkar. Eðli, tímasetning og umfang vinnunnar byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á hættunni á að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglunum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024 með skráarheitið LS-2024-12-31-IS sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við ESEF reglur.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hrafnhildur Helgadóttir, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 28. febrúar 2025

KPMG ehf.

Hrafnhildur Helgadóttir

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Hreinar vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur		14.004.628.617	18.025.272.515
Vaxtagjöld og verðbætur		(12.506.087.115)	(16.465.913.657)
Hreinar vaxtatekjur samtals	5	<u>1.498.541.502</u>	<u>1.559.358.858</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Hreinar tekjur af fjáreignum tilskildum á gangvirði	6	893.915.307	595.335.805
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	7	1.546.728	615.692
Hreinn gjaldeyrismunur	8	(14.127.453)	(3.484.455)
Virðisrýrnun útlána til viðskiptavina	16	(1.947.795)	(4.517.856)
Aðrar rekstrartekjur samtals		<u>879.386.787</u>	<u>587.949.186</u>
Hreinar rekstrartekjur		2.377.928.289	2.147.308.044
Almennur rekstrarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	9	132.400.738	119.468.038
Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	10	72.964.618	69.272.377
Árgjöld og eftirlitsgjöld FME		16.038.000	13.248.000
Annar rekstrarkostnaður	11	86.524.003	79.521.406
Almennur rekstrarkostnaður samtals		<u>307.927.359</u>	<u>281.509.821</u>
Hagnaður og heildarafkoma ársins		<u><u>2.070.000.930</u></u>	<u><u>1.865.798.223</u></u>
Hagnaður á hlut			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	12	0,41	0,37

Skýringar á blaðsíðum 29 til 49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	13	7.435.412.449	5.988.494.372
Markaðsverðbréf og skuldabréf	14	2.762.143.446	2.441.894.449
Útlán og kröfur á lánastofnanir	15	558.026.773	845.958.012
Útlán og kröfur á viðskiptavini	16	200.021.463.607	190.761.615.712
Rekstrarfjármunir	17	66.314.306	68.183.154
Aðrar eignir	18	31.945.791	23.862.979
Eignir samtals		<u>210.875.306.372</u>	<u>200.130.008.678</u>
Skuldir			
Verðbréfaútgáfa	21	182.957.174.035	174.169.823.066
Aðrar langtímalántökur	22	2.731.058.504	2.975.577.658
Afleiðusamningar	24	178.257.475	7.496.075
Skammtímalántökur	25	71.821.369	121.000.568
Lífeyrisskuldbinding	26	127.891.717	111.569.407
Aðrar skuldir	27	15.776.048	21.215.611
Skuldir samtals		<u>186.081.979.148</u>	<u>177.406.682.384</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.000.000.000	5.000.000.000
Bundinn varasjóður		1.327.664.300	1.344.938.541
Óráðstafað eigið fé		18.465.662.924	16.378.387.753
Eigið fé samtals	28	<u>24.793.327.224</u>	<u>22.723.326.294</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>210.875.306.372</u>	<u>200.130.008.678</u>

Skýringar á blaðsíðum 29 til 49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 31. desember 2024

	Hlutfé	*Bundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 2024				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.344.938.541	16.378.387.753	22.723.326.294
Hagnaður ársins og heildarhagnaður			2.070.000.930	2.070.000.930
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		(17.274.241)	17.274.241	0
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.327.664.300	18.465.662.924	24.793.327.224
Breytingar á eigin fé 2023				
Eigið fé 1. janúar	5.000.000.000	1.316.581.459	14.540.946.612	20.857.528.071
Hagnaður ársins			1.865.798.223	1.865.798.223
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting		28.357.082	(28.357.082)	0
Eigið fé 31. desember	5.000.000.000	1.344.938.541	16.378.387.753	22.723.326.294

* Bundinn varasjóður samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundinni óinnleystri gangvirðisbreytingu. Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að binda eigið fé vegna óinnleystra gangvirðisbreytinga sem takmarka möguleika til arðgreiðslu. Sjá nánar í skýringu 28.

Stjórn Lánasjóðsins leggur til að á árinu 2025 verði ekki greiddur út arður vegna afkomu ársins 2024 til hluthafa, til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár, líkt og undanfarin ár.

Skýringar á blaðsíðum 29 til 49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 31. desember 2024

	Skýr.	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		2.070.000.930	1.865.798.223
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur		(1.498.541.502)	(1.559.358.858)
Verðbætur, gengismunur og áfallnir vextir	16, 21	279.233.278	218.528.324
Afföll, lántökugjald og lántökupóknun skuldabréfa	16, 21	(722.504.924)	(641.080.119)
Gangvirðisbreytingar útlána og krafna til viðskiptavina	19	(1.546.728)	(615.692)
Gangvirðisbreytingar afleiða	19	1.034.258	(895.414)
Lagt í virðisrýrnunarsjóð skv. IFRS 9	16	1.947.795	4.517.856
Afskriftir	17	1.868.848	1.868.842
		<u>(1.938.508.975)</u>	<u>(1.977.035.061)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
Veitt útlán og kröfur til viðskiptavina		(16.155.000.000)	(22.040.491.049)
Innheimt útlán og kröfur til viðskiptavina		16.148.469.129	16.861.191.101
Verðbréfaútgáfa og önnur langtímalántaka		13.899.638.329	20.515.499.793
Afborganir verðbréfaútgáfu og annara langtímalána		(13.363.916.603)	(13.423.375.631)
Keypt eigin skuldabréf		0	(1.318.732.142)
Afborganir eigin skuldabréfa		893.699.773	438.030.794
Afleiðusamningar		0	(34.500.000)
Breytingar á ríkisskuldabréfum og ríkisvixlum		(927.862.848)	1.749.634.202
Breytingar á markaðsverðbréfum og skuldabréfum		(571.140.293)	(2.165.338.480)
Breytingar á veittum skammtímalánum		(533.534.375)	(1.881.304.875)
Breytingar á teknum skammtímalánum		(48.971.853)	(106.062.544)
Breytingar á lífeyrisskuldbindingu		16.322.310	5.008.685
Breytingar á öðrum eignum		(8.082.812)	(7.844.196)
Breytingar á öðrum skuldum		<u>(5.439.563)</u>	<u>7.735.873</u>
		(655.818.806)	(1.400.548.469)
Innheimtir vextir		5.596.172.227	4.656.442.075
Greiddir vextir		<u>(5.356.908.976)</u>	<u>(5.153.536.070)</u>
		239.263.251	(497.093.995)
Handbært fé til rekstrar		(285.063.600)	(2.008.879.302)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(2.867.639)	(7.843.128)
Handbært fé í ársbyrjun		845.958.012	2.862.680.442
Handbært fé í lok tímabils		<u>558.026.773</u>	<u>845.958.012</u>
Sundurliðun handbærs fjár			
Útlán og kröfur á lánastofnanir		558.026.773	845.958.012
		<u>558.026.773</u>	<u>845.958.012</u>

Skýringar á blaðsíðum 29 til 49 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningi sjóðsins.

Skýringar

1 Almennar upplýsingar

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er opinbert hlutfélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Lánasjóðurinn er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutfélagalögum og lögum um fjármálafyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Lánasjóður sveitarfélaga er með heimilisfesti á Íslandi. Aðsetur sjóðsins er að Borgartúni 30, Reykjavík.

Hlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Lánasjóðurinn hefur gefið út skuldabréf sem tekin eru til viðskipta í kauphöll Nasdaq Iceland hf. og er viðskiptavakt með stærsta hluta bréfanna.

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti ársreikning sjóðsins þann 28. febrúar 2025.

2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Við gerð ársreikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings sjóðsins fyrir árið 2023.

2.1 Rekstrarhæfi

Stjórn Lánasjóðsins hefur lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sjóðsins og hefur eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Ársreikningur Lánasjóðsins er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

2.2 Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í ársreikningnum. Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrif breytinga á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á. Í ársreikningi Lánasjóðs sveitarfélaga eru engir verulegir liðir sem eru háðir mati stjórnenda og geta haft veruleg áhrif á niðurstöðu reikningsskilanna.

2.3 Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum sem er bæði starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill sjóðsins. Allar fjárhæðir eru birtar í krónum nema annað sé tekið fram.

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í starfsrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadegi. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi eða gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok ársins, er færð í rekstrarreikning.

2.4 Starfspáttayfirlit

Stjórnendur sjóðsins skilgreina starfsemi hans sem einn starfspátt sem felst í útlánnum til sveitarfélaga og fyrirtækja í eigu þeirra og/eða ríkis. Af þessum sökum birtir sjóðurinn ekki starfspáttayfirlit.

2.5 Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta fyrir alla vaxtaberandi fjármálagerninga nema þá sem tilgreindir hafa verið á gangvirði. Aðferð virkra vaxta byggir á því að reiknað er upphaflegt bókfært verð fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á viðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignar eða fjárskuldar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað sjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagernings, en tekur ekki tillit til mögulegs útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af virkum vöxtum sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

2.6 Fjármálagerningar

Lánasjóðurinn skráir upphaflega í fjárhagsbókhald sitt útlán og kröfur, innlán og útgefin skuldabréf á þeim degi þegar til skuldbindinganna er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á þeim degi sem sjóðurinn verður aðili að samningsákvæðum gerningsins. Reglubundin kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem sjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina.

Fjáreignir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði ef markmiðið er að eiga fjáreignina til gjalddaga og innheimta samningsbundnar greiðslur sem samanstanda af afborgunum af höfuðstól og vöxtum.

Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru aðrar fjáreignir. Óheimilt er að endurflokka og breyta reikningshaldslegri meðferð þegar ákveðið hefur verið að beita viðkomandi flokkun.

(a) Útlán og kröfur á viðskiptavini

Lánasjóðurinn flokkar liðinn útlán og kröfur sem fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Liðurinn samanstendur af lánum til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu, þar sem markmiðið er að eiga fjáreignirnar til gjalddaga og innheimta samningsbundnar greiðslur sem samanstanda af afborgunum höfuðstóls og vaxta. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af virði útlána og krafna.

(b) Fjáreignir og fjárskuldir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Ríkisbréf og -vixlar og markaðskuldabréf

Ríkisskuldabréf, -vixlar og markaðskuldabréf eru færð á gangvirði þar sem gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við skráða áhættustýringu eða fjárfestingastefnu. Slíkar fjáreignir eru færðar í rekstrarreikning undir "Hreinar tekjur af fjáreignum tilskildum á gangvirði". Ekki er mögulegt að breyta flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu. Vextir eru færðir undir "Hreinar vaxtatekjur".

Afleiðusamningar

Afleiður eru upphaflega skráðar í efnahagsreikning á gangvirði og viðskiptakostnaður færður í rekstrarreikning. Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði sem ákvarðað er með sjóðstreymisaðferð. Lánasjóðurinn notar almennt viðurkennd virðislíkön til að ákvarða gangvirði vaxta- og gjaldmiðlaskiptasamninga. Á síðari stigum eru afleiður áfram skráðar á gangvirði þar sem allar breytingar á gangvirði færast í rekstrarreikning undir liðinn „Hreinar tekjur af fjáreignum tilskildum á gangvirði“. Afleiður með jákvætt gangvirði eru færðar í efnahagsreikning sem eignir og afleiður með neikvætt gangvirði eru færðar sem skuldir. Gengishagnaður og -táp er fært undir liðunum "Hreinn gengismunur".

(c) Fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Útlán og kröfur á viðskiptavini sem hafa við upphaflega skráningu verið skilgreind sem fjáreign tilgreind á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning undir "Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði". Ekki er mögulegt að breyta flokkun þeirra fjáreigna sem hafa verið settar í þennan flokk eftir upphaflega færslu. Vextir og verðbætur eru færðir undir "Hreinar vaxtatekjur".

(d) Verðbréfaútgáfa og aðrar langtímalántökur

Lántökur Lánasjóðsins eru færðar á upphaflegu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádregnum lántökukostnaði.

(e) Útlán og kröfur á lánastofnanir

Hérna flokkast útlán og kröfur á lánastofnanir, bankareikningar og peningamarkaðsinnlán, auk innstæða.

2.7 Virðisrýrnun útlána og krafna

Samkvæmt lögum nr.150/2006 um Lánasjóðinn er honum eingöngu heimilt að lána sveitarfélögum eða stofnunum þeirra og fyrirtækjum til að fjármagna verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Skilyrði fyrir því að Lánasjóðurinn veiti lán til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu að öllu leyti í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart Lánasjóðnum.

Þá er sveitarfélagi heimilt skv. 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að setja tekjur sínar að veði sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur eða fyrir ábyrgðum sem það veitir Lánasjóðnum, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Stefna Lánasjóðsins er að krefjast slíks veðs sem tryggingar fyrir lánum.

2.7 Virðisrýrnun útlána og krafna, frh.

Lánasjóðurinn er eina lánastofnunin sem sveitarfélögum skv. lögum mega veita veði í tekjum sínum og veitir það sjóðnum mjög sterka stöðu gagnvart endurgreiðslu lána. Þá geta sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota skv. 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Lánasjóðurinn skilgreinir tapsviðburð (e. default event) þegar sjóðurinn neyðist til að taka á sig afskrift, að hluta eða fullu, ef tafir verða á gjaldföllum greiðslum, umfram 20 milljón króna eða 2% af útsvarstekjum, lengur en í 90 daga. Slíkur atburður ætti einungis að gerast ef íslenska ríkið fer í greiðsluþrot og getur ekki staðið við skuldbindingar sínar í samræmi við reglugerð nr. 835/2012 eða að lögum um sveitarfélög verði breytt þannig að stuðningi ríkisins við sveitarfélög í fjárhagserfiðleikum verði hætt og sveitarfélögum verði veitt heimild til að lýsa sig gjaldþrota. Lánasjóðurinn telur engar líkur á þessum atburðum í fyrirsjáanlegri framtíð.

Samkvæmt IFRS 9 ber að færa varúðarafskrift í samræmi við mat á væntu útlánatapi. Mat á væntu útlánatapi er tvíþætt þar sem niðurfærsla vegna vænts útlánataps (e. ECL) miðast annaðhvort við 12 mánaða vænt útlánatap eða yfir líftíma fjármálagernings en það ræðst af aukinni útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu, falla undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu. Skilyrði fyrir tilfærslu á milli þrep 1 og þrep 2 er ef sveitarfélag hefur farið fram á afskriftir skulda eða undir gengur fjárhagslega endurskipulagningu. Skilyrði þess að færast yfir í þrep 3 er raunverulegt tap á útlánum eða ef sveitarfélaginu hefur verið skipuð fjárhagsstjórn.

Reglulega er lagt mat á niðurfærsluna og hún útreiknuð í samræmi við aðferðafræði Lánasjóðsins. Breyting ársins er færð í gegnum rekstur og inn á virðisrýrnunarsjóð á meðal útlána í efnahag. Staða virðisrýrnunarsjóðs skv. IFRS 9 í lok ársins er færð á efnahagsreikning meðal útlána og krafna.

2.8 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til sjóðsins og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærð í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Afskriftir fasteigna eru reiknaðar með beinlínuaðferð til að dreifa kostnaði þeirra að frádregnu niðurlagsverði á áætlaðan nýtingartíma, sem er 50 ár. Niðurlagsverð eigna og nýtingartími eru endurskoðuð á hverju tímabili og leiðrétt ef það á við.

2.9 Lífeyrisskuldbinding

Á sjóðnum og samstarfsstofnunum hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna þeirra starfsmanna sem hafa átt og eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbinding Lánasjóðsins er færð til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við útreikning tryggingastærðfræðings. Útreikningur miðar við sömu tryggingarfræðilegu forsendur og notaðar eru við úttekt á B-deild LSR. Meginforsendur eru 2% vextir, lífslíkur samkvæmt reynslu LSR á árunum 2018 - 2022 með spá FÍT um lækkandi dánartíðni og örorkulíkur samkvæmt reynslu LSR á árunum 2010 - 2014.

2.10 Hlutafé

Í desember 2006 voru samþykkt á Alþingi lög nr.150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga. Á stofnfundi sjóðsins var samþykkt að nafnverð hlutafjár skyldi verða 5.000 milljónir króna. Sjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga og eru eignarhlutir einstakra sveitarfélaga skilgreindir í lögnum. Síðan þá hafa sveitarfélög sameinast og eignarhlutir runnið inn í sameinað sveitarfélag.

Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut er reiknað sem hlutfall milli hagnaðar ársins af hlutafé sjóðsins.

2.11 Bundinn varasjóður

Samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 skal færa matsbreytingar á fjáreignum, tilgreindum á gangvirði við upphaflega skráningu, af óráðstöfuðu eigin fé yfir á gangvirðisreikning meðal eigin fjár, sem óheimilt er að úthluta arði af. Leysa skal gangvirðisreikning upp til jafns við framkomnar breytingar á viðkomandi eign eða skuldbindingu þegar hún er seld eða innleyst eða forsendur fyrir matsbreytingu er ekki fyrir hendi. Bundinn varasjóður í efnahag og eiginfjárfirliti samanstendur af lögbundnum varasjóði og bundnum óinnleystum gangvirðisbreytingum.

2.12 Skattamál

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er undanþeginn eftirfarandi:

- Greiðslu tekjuskatts samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- Staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts samkvæmt lögum nr. 94/1996 um fjármagnstekjuskatt.
- Stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- Skattalagningu samkvæmt lögum nr. 155/2010 um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.

3 Efnahagsleg áhrif

3.1 Almenn efnahagsleg áhrif

Árið hefur einkennst af áframhaldandi hárrí verðbólgu og háum vöxtum. Verðbólgan náði hámarki í 6,8% í mars á ársgrundvelli og lækkaði rólega þegar líða tók á árið. Í árslok mældist verðbólgan 4,8%.

Stýrivextir Seðlabanka Íslands lækkuðu um 0,75% á árinu 2024. Stýrivextirnir voru 8,5% í árslok 2024 en voru 9,25% í árslok 2023. Þrátt fyrir lækun þá eru stýrivextir ennþá háir og háir stýrivextir hafa bein áhrif á ávöxtunarkröfu ríkisbréfa. Í árslok 2024 var ávöxtunarkrafa RIKS 30 2,87% en var í 3,03% í árslok 2023. Þetta hefur leitt til áframhaldandi hárrar ávöxtunarkröfu skuldabréfa Lánasjóðsins. Ávöxtunarkrafan á LSS34 var 3,82% í árslok 2024 en var 3,91% í lok árs 2023. Þetta sýnir að álag á skuldabréf Lánasjóðsins hefur aukist úr 88 punktum í 95 punkta ofan á ríkisbréfin á sama tímabili.

3.2 Áhrif á sveitarfélögin

Samkvæmt greiningum Sambands íslenskra sveitarfélaga á ársreikningum vegna ársins 2023 sýndi að rekstrarafgangur A - hluta sveitarfélaga var neikvæður og hallinn um 0,2% af tekjum samanborið við 4,6% halla á árinu 2022. Há verðbólga og háir vextir er megin skýringin á neikvæðri afkomu. Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármagnstekjum lækkuðu lítillega milli ára, eða um 22 milljónir króna. Rekstrarafgangur án fjármagnsliða var jákvæður um 3,8% af tekjum 2023 samanborið við 0,4% á árinu 2022. Heildarskuldir sveitarfélaga jukust um 11,5% milli ára og því er nokkuð ljóst að verðbólgan hefur áframhaldandi áhrif á fjárhag sveitarfélaga.

Sveitarfélög fengu heimild í lögum til að víkja frá fjármálareglum um jafnvægi í rekstri til ársins 2025 auk þess sem lögbundin heimild um 150% skuldsetningu af tekjum sveitarfélaga var afnumin samhliða. Sveitarfélög þurfa því mörg að fara í hagræðingaraðgerðir á næstu árum til að jafna út þá aukningu í kostnaði og skuldum sem hefur átt sér stað á síðustu árum.

3.3 Áhrif og aðgerðir Lánasjóðsins

Útlán til sveitarfélaga á árinu voru undir áætlunum sjóðsins og endurskoðaði Lánasjóðurinn útgáfuáætlun tvisvar á árinu. Upphafleg útgáfuáætlun gerði ráð fyrir 24 - 29 milljarða króna útgáfu til fjármögnunar útlána en endurskoðuð útgáfuáætlun gerði ráð fyrir heildarútgáfu að fjárhæð 14 - 19 milljarðar króna. Heildarsöluvirði útboða á árinu voru 13,9 milljarðar króna.

Fjárhagsstaða Lánasjóðsins er sterk og er vegið eiginfjárlutfall sjóðsins, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárútreikning, 361% miðað við stöðu útlána í árslok 2024 en var 416% í árslok 2023. Án mildunar er vegið eiginfjárlutfall 54% en var 53% í árslok 2023. Sjá nánar í skýringu 28.

3.4 Mat á væntu útlánatapi

Það er mat stjórnenda Lánasjóðsins að ekki sé ástæða til breyta mati á væntu útlánatapi sökum fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í lögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Einnig er ljóst í samræmi við 71. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög verða ekki tekin til gjaldþrotaskipta. Þrátt fyrir óvissu í tekjugrunni sveitarfélaga þá nægir það ekki til að uppfylla þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar tilfærslu á milli þrepa við mat á væntu útlánatapi. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu falla undir þrep 1 og er niðurfærslan metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi þar sem engin aukning hefur átt sér stað í útlánaáhættu frá upphaflegri skráningu.

4 Áhættustýring

Sem lánafyrirtæki stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans.

Lánasjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra annars vegar og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hins vegar. Markmið sjóðsins er að tryggja fyrrgreindum aðilum lánsfé á hagstæðum kjörum. Útlánaáhætta er því helsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins, en áhættuþættir eins og lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta og rekstraráhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er haldið í lágmarki, en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

4.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánasjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánasjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs, sem beri ábyrgð á skuldbindingum þeirra gagnvart sjóðnum. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögnum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi sbr. kafla VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Sveitarfélögin hafa reynst traustir greiðendur og hefur aldrei komið til afskriftar vegna lána til sveitarfélaga eða félaga í þeirra eigu frá því að Lánasjóðurinn hóf starfsemi árið 1967. Öll útlán og kröfur til sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu, falla undir þrep 1 við mat á niðurfærslu samkvæmt virðisrýrnunarlíkani vænts útlánataps IFRS 9.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánnum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Lánasjóðurinn hefur sett það sem skilyrði fyrir lánveitingu að slíkt veð sé veitt. Í árslok eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhættu sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfærðu virði safnsins í efnahagsreikningi. Lánasjóðurinn fer yfir allar lánsútsóknir með tilliti til þess hvort lán taki uppfalli skilyrði til lánveitingar og enn fremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsækjendum og ábyrgðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál eru lögð fyrir stjórn, annað hvort til ákvörðunar eða kynningar.

Stórar áhættuskuldbindingar

Lánasjóðurinn heldur utan um stórar áhættuskuldbindingar fyrir og eftir að tekið er tillit til áhættumildandi þátta. Í árslok voru hjá Lánasjóðnum 17 stórar áhættuskuldbindingar líkt og árið á undan, áður en tekið er tillit til áhættumildandi þátta. Eftir að tekið er tillit til hefðbundinna áhættumildandi þátta í árslok eru átta stórar áhættuskuldbindingar líkt og var hjá Lánasjóðnum í árslok 2023. Vegna lögbundinnar sérstöðu nýtir Lánasjóðurinn sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggð eru með veði í tekjum sveitarfélaga, sbr. 2. gr. reglugerðar 835/2012. Við beitingu mildunar fá umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð eru fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Að teknu tilliti til þeirrar áhættumildunar þá eru engar stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánasjóðnum í árslok.

4.1.1 Áhætta vegna samningsskuldbindinga

Lánasjóðurinn hefur tryggingar fyrir lánveitingum sínum til sveitarfélaga og ábyrgðum sem þau veita, en sveitarfélögin hafa sérstaka heimild í sveitarstjórnarlögum til að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum. Samningsskuldbindingar Lánasjóðsins eru því tryggðar af sveitarfélögunum og felst áhættan einkum í að sveitarfélögin sjálf lenti í greiðsluerfiðleikum. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhættu er takmörkuð við ríkissjóð og aðila með ábyrgð hans sem og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Mótaðilaáhætta á erlendar fjármálastofnanir er sérstaklega tekin fyrir af stjórn.

4.1.2 Mótaðilaáhætta

Lánasjóðurinn hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Fylgst er reglulega með stöðu lána og vanskila. Á tímabilinu kom ekki til þess að sjóðurinn beitti veðrétti sínum í tekjum sveitarfélaga en sjóðurinn hefur einu sinni þurft að beita veði sínu, en það var gert árið 2010. Engin vanskil eru hjá sjóðnum í lok tímabilsins.

Eftirfarandi tafla sýnir mestu mögulegu mótaðilaáhættu sjóðsins.

	31.12.2024	31.12.2023
Staða mótaðilaáhættu vegna liða í efnahagsreikningi er eftirfarandi í m.kr.:		
Útlán og kröfur á lánastofnanir	558	846
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	200.021	190.762
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	7.435	5.988
Markaðsverðbréf og skuldabréf	2.762	2.442
Samtals mótaðilaáhætta	210.777	200.038

4.2 Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Lausafjárahætta er hættan á að Lánasjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Lánasjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnun þeirra lána liggur fyrir. Þá er stórum hluta eigin fjár sjóðsins haldið í ávöxtun til mjög skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og þar með sveigjanleika. Lánasjóðurinn mælir, reiknar og fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta örugglega endurgreitt allar skuldir sínar á gjalddaga. Eftirfarandi töflur sýna greiðslufæði fyrir fjáreignir og fjárskuldir miðað við samningsbundnar greiðslur.

Staða 31.12.2024 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar		2.867	324	4.523		7.714
Markaðsverðbréf og skuldabréf		215	845	1.982		3.042
Útlán og kröfur á lánastofnanir	480	79				559
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.731	3.539	17.666	81.199	136.316	240.451
Afleiðusamningar			58	988	965	2.011
Samtals fjáreignir	2.211	6.700	18.893	88.692	137.281	253.777
Fjárskuldir						
Verðbréfaútgáfa		1.610	15.874	71.003	130.247	218.734
Aðrar langtímalántökur	72		176	1.448	1.417	3.113
Afleiðusamningar			65	1.101	1.066	2.232
Samtals fjárskuldir	72	1.610	16.115	73.552	132.730	224.079
Nettó eignir - skuldir	2.139	5.090	2.778	15.140	4.551	29.698

Staða 31.12.2023 í m.kr.	0-1 mánuðir	1 til 3 mánuðir	3 til 12 mánuðir	1 til 5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Fjáreignir						
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	1.000	2.030	1.088	2.070		6.188
Markaðsverðbréf og skuldabréf	7	662	1.633	512		2.814
Útlán og kröfur á lánastofnanir	767	80				847
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	287	3.711	18.166	71.587	133.921	227.672
Afleiðusamningar			22	76	17	115
Samtals fjáreignir	2.061	6.483	20.909	74.245	133.938	237.636
Fjárskuldir						
Verðbréfaútg. og aðrar lántökur		2.013	14.500	62.041	128.631	207.185
Aðrar langtímalántökur	121	1	216	1.661	1.667	3.666
Samtals fjárskuldir	121	2.014	14.716	63.702	130.298	210.851
Nettó eignir - skuldir	1.940	4.469	6.193	10.543	3.640	26.785

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta

Varðandi vaxtaáhætta er stefna sjóðsins að halda jafnvægi milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnun þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðtryggð lán sem fjármögnuð eru af eigin fé með breytilegum vöxtum. Fjárhæðirnar eru flokkaðar út frá dagsetningu samningsbundinnar endurverðlagningar eða gjalddaga, hvort sem fyrr gerist.

4.3 Vaxta- og verðbólguáhætta, frh.

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2024 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	24.225	64.002	66.893	42.433	197.553
ISK óverðtryggt	9.522	2.431			11.953
Erlendar eignir	2.549	222	278		3.049
Samtals fjáreignir	36.296	66.655	67.171	42.433	212.555
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	14.624	58.617	66.923	42.943	183.107
ISK óverðtryggt	72	1.765			1.837
Erlendar skuldir	2.231	222	278		2.731
Samtals fjárskuldir	16.927	60.604	67.201	42.943	187.675
Nettó eignir - skuldir	19.369	6.051	(30)	(510)	24.880

Flokkun fjáreigna og fjárskulda sjóðsins 31.12.2023 eftir vaxtabindingartíma, í m.kr.

	0-1 ár	1-5 ár	5-10 ár	Yfir 10 ár	Samtals
Fjáreignir					
ISK verðtryggt	24.692	55.123	64.809	42.067	186.691
ISK óverðtryggt	10.106	557	1.264		11.927
Erlendar eignir	2.698	233	291	58	3.280
Samtals fjáreignir	37.496	55.913	66.364	42.125	201.898
Fjárskuldir					
ISK verðtryggt	13.877	52.844	64.753	42.760	174.234
ISK óverðtryggt	121		1.762		1.883
Erlendar skuldir	2.394	233	291	58	2.976
Samtals fjárskuldir	16.392	53.077	66.806	42.818	179.093
Nettó eignir - skuldir	21.104	2.836	(442)	(693)	22.805

Vaxtanæmi

Greining á nettóvaxtanæmi í árslok miðað við meðaltalslíftíma sýnir að 1 prósentustigs hækkun á vöxtum hækka hreinar vaxtatekjur Lánasjóðsins um 170 milljónir króna á ársgrundvelli eða 0,69% af eigin fé á móti 13 milljóna króna lækkun eða 0,06% af eigin fé í árslok 2023. Taflan sýnir áhrif vaxtabreytingarinnar á hagnað sjóðsins skipt niður á flokka eigna og skulda miðað við binditímanálgun. Greiningin tekur bæði á eignum og skuldum innan og utan veltubókar. Vaxtabreytingar á eignum og skuldum samstæðunnar utan veltubókar hafa áhrif á vaxtamun þegar vaxtatekjur og vaxtagjöld falla til. Áhættuna má aðallega rekja til mismunar á lengd vaxtatímabila milli eigna og skulda.

Vaxtanæmi í m.kr.	Samsíða hliðrun upp á vaxtaferli (punktar)	31.12.2024	31.12.2023
		Hagnaður (tap)	
ISK verðtryggt	100	202	7
ISK óverðtryggt	100	(31)	(19)
Erlendar myntir	100	(1)	(1)
Samtals		170	(13)

Verðbólguáhætta

Í árslok átti Lánasjóðurinn verðtryggðar eignir umfram verðtryggðar skuldir að fjárhæð 14.445 milljónir króna í samanburði við 12.457 milljónir króna í árslok 2023. Þetta þýðir að 1% hækkun vísitölu neysluverðs myndi auka hagnað sjóðsins um 144 milljónir króna og 1% lækkun myndi orsaka lækkun hagnaðar um 144 milljónir króna.

Verðtryggingajöfnuður í m.kr.

	31.12.2024	31.12.2023
Verðtryggðar eignir	197.553	186.691
Verðtryggðar skuldir	183.108	174.234
Nettó verðtryggingajöfnuður	14.445	12.457

4.4 Gjaldmiðlaáhætta

Stefna Lánasjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhættu er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af reglum Seðlabanka Íslands og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

Næmigreining gjaldmiðla

Taflan að neðan sýnir áhrif næmigreiningar gjaldmiðlastöðu sjóðsins skipt niður á myntir og sýnir áhrifin á hagnað eða tap Lánasjóðsins sem orsakast af 10% veikingu íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum.

Næmigreining gjaldmiðla í m.kr.	Styrking/veiking gjaldmiðils gagnvart íslensku krónunni	31.12.2024	31.12.2023
		Hagnaður (tap)	
EUR	(10%)	21	16
USD	(10%)	3	3
JPY	(10%)	2	2
CHF	(10%)	5	6
GBP	(10%)	1	1
Samtals		32	28

Lánasjóðurinn notaði eftirfarandi gengi erlendra gjaldmiðla fyrir reikningstímabilið sem þessi ársreikningur nær til:

	31.12.2024	31.12.2023	Breyting í %
EUR/ISK	143,90	150,50	(4,4%)
USD/ISK	138,20	136,20	1,5%
JPY/ISK	0,8815	0,9627	(8,4%)
CHF/ISK	152,70	162,53	(6,0%)
GBP/ISK	173,30	173,18	0,1%

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2024

	EUR	USD	Aðrar erl. myntir	Samtals
Fjáreignir				
Útlán og kröfur á lánastofnanir	153	1		154
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.048	29	79	1.156
Afleiðusamningar	1.738			1.738
Samtals fjáreignir	2.939	30	79	3.048
Fjárskuldir				
Aðrar langtímalántökur	2.731			2.731
Samtals fjárskuldir	2.731	0	0	2.731
Nettó eignir - skuldir	208	30	79	317

Gjaldeyriseignir og –skuldir í m.kr. 31.12.2023

	EUR	USD	Aðrar erl. myntir	Samtals
Fjáreignir				
Útlán og kröfur á lánastofnanir	114	1		115
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.219	33	94	1.346
Afleiðusamningar	1.819		0	1.819
Samtals fjáreignir	3.152	34	94	3.280
Fjárskuldir				
Aðrar langtímalántökur	2.976			2.976
Samtals fjárskuldir	2.976	0	0	2.976
Nettó eignir - skuldir	176	34	94	304

4.5 Rekstraráhætta

Það er stefna Lánasjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla um alla helstu þætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna Lánasjóðsins verið að útvísta skrifstofuþjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur Lánasjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir fremur einsleitir.

4.5.1 Starfsmannaáhætta

Lánasjóðurinn er með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann áhættu- og fjárstýringar. Jafnframt hefur Lánasjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmis konar þjónustu af Sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánasjóðsins og Sambandsins.

4.5.2 Lagaleg áhætta

Lánasjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélag. Lánasjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðum dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánasjóðinn yrði breytt og heimild sveitarfélaga til að veita sjóðnum veð í tekjum yrði afturkölluð. Ómögulegt er að tölusetja þessa áhættu og er það eðli sjóðsins að lifa með henni. Það myndi þó teljast sem brot á meginreglu íslensku stjórnarskrárinnar ef heimild um lögveð yrði afnumin afturvirk.

Samkvæmt íslenskum sveitarstjórnarlögum geta sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota. Það telst því harla ólíklegt að Lánasjóðurinn þurfi að afskrifa lán sveitarfélaga þó vissulega geti orðið seinkun á greiðslum til sjóðsins ef sveitarfélag hættir að greiða af skuldum sínum eða seinkar greiðslum. Ef fjárhaldsstjórn er skipuð tekur hún allar ákvarðanir um greiðslur úr sveitarsjóði sem getur haft sömu áhrif.

Lánasjóðurinn er ekki aðili að neinum dómsmálum.

4.6 Eiginfjárstýring

Markmið með stýringu á eigin fé er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að veða á móti undirliggjandi áhættuþáttum í rekstri sjóðsins.

Eiginfjárgrunnur sjóðsins samanstendur af hlutafé, bundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé (almennt eigið fé). Í lágmarkseiginfjárgrunni er áhættuþáttur skipt í útlána-/mótaðilaáhættu (e. credit risk), markaðsáhættu (market risk) og rekstraráhættu (operational risk). Í viðbótareiginfjárgrunni á grundvelli áhættumats er svo farið í nánari útfærslu á eigin mati og mælingum sjóðsins á eiginfjárlutfallinu.

Í samræmi við 83. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir má áhættuvegið eiginfjárlutfall (CAD-hlutfall) Lánasjóðsins á hverjum tímapunkti ekki fara niður fyrir 8%. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikninga vegna rekstraráhættu.

Að auki ber fjármálafyrirtækjum að nota viðeigandi eiginfjárluka til að bæta eiginfjárstöðu sína til viðbótar við lágmarks eigið fé og vera þannig betur í stakk búinn til að takast á við áföll í rekstri eða sveiflur í hagkerfinu. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki þá ber Lánasjóðnum að binda til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall 2,5% í verndunarauka og samkvæmt ákvörðun Seðlabankans 2,5% í sveiflujöfnunarauka af áhættugrunni. Eiginfjárluka fyrir Lánasjóðinn í árslok er því 13%. Sjá nánar skýringu nr. 28.

5 Hreinar vaxtatekjur	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Vaxtatekjur og verðbætur		
Útlán og kröfur á viðskiptavini	13.881.689.409	17.887.430.634
Útlán og kröfur á lánastofnanir	122.939.208	137.841.881
	<u>14.004.628.617</u>	<u>18.025.272.515</u>
Vaxtagjöld og verðbætur		
Verðbréfaútgáfa og aðrar lántökur	12.506.087.115	16.465.913.657
Hreinar vaxtatekjur	<u>1.498.541.502</u>	<u>1.559.358.858</u>

6 Hreinar tekjur af fjáreignum tilskildum á gangvirði	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	595.804.974	484.529.261
Markaðsverðbréf og skuldabréf	299.144.591	109.911.130
Afleiðusamningar	(1.034.258)	895.414
	<u>893.915.307</u>	<u>595.335.805</u>

7 Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.546.728	615.692
	<u>1.546.728</u>	<u>615.692</u>

8 Hreinn gjaldeyrismunur	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Útlán og kröfur á viðskiptavini	(53.863.646)	(13.458.553)
Útlán og kröfur á lánastofnanir	(6.432.901)	7.368.076
Aðrar langtímalántökur	125.369.094	31.106.022
Afleiðusamningar	(79.200.000)	(28.500.000)
	<u>(14.127.453)</u>	<u>(3.484.455)</u>

9 Laun og launatengd gjöld

Í lok tímabils unnu þrír starfsmenn hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga um kaup á ýmsum rekstrar- og þjónustupáttum og er sá kostnaður færður meðal annars rekstrarkostnaðar. Stjórnarmenn fá 11,5% mótframlag í lífeyrissjóð frá sjóðnum og framkvæmdastjóri 12%. Laun starfsmanna sjóðsins eru í samræmi við laun starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Laun	89.673.172	89.110.733
Greitt mótframlag í lífeyrissjóð	12.732.687	12.341.490
Reiknaður lífeyriskostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar	22.260.322	10.382.340
Önnur launatengd gjöld	7.734.557	7.633.475
	<u>132.400.738</u>	<u>119.468.038</u>
Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri	34.469.537	33.721.270
Stjórnarmenn:		
Kristinn Jónasson, stjórnarformaður	3.328.948	2.546.448
Arna Lára Jónsdóttir, aðalmaður	2.219.300	1.697.640
Fannar Jónasson, aðalmaður og nefndarm. endursk.nefndar	2.612.463	650.762
Guðmundur B. Guðmunds., varaf. stjórnar og form. end.sk.n.	3.543.993	2.206.932
Halldóra Káradóttir, aðalmaður	2.219.300	1.273.230
Elliði Vignisson, fyrrum aðalmaður	0	1.697.640
Fjóla St. Kristinsdóttir, varamaður	670.212	141.470
Grímur Rúnar Lárússon, varamaður	193.636	141.470
Íris Róbertsdóttir, varamaður	387.272	141.470
Katrín Sigurjónsdóttir, varamaður	0	565.880
	<u>15.175.124</u>	<u>11.062.942</u>

10 Kostnaður vegna verðbréfaútgáfu	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Viðskiptavakt	57.500.000	54.000.000
Gjöld vegna verðbréfaútgáfu	4.012.143	2.503.127
Árlegur kostnaður vegna verðbréfa	11.452.475	12.769.250
	<u>72.964.618</u>	<u>69.272.377</u>
11 Annar rekstrarkostnaður	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Þjónustusamningur við Samband Íslenskra sveitarfélaga	32.791.752	30.048.448
Sérfræðiþjónusta / lögfræðiþjónusta o.fl.	8.193.000	5.557.784
Rekstur húsnæðis	9.622.844	9.414.013
Tölvur og tölvukerfi	12.647.489	12.787.588
Þóknun til ytri endurskoðanda: Endurskoðun og könnun	4.853.276	2.805.401
Þóknun til ytri endurskoðanda: Önnur þjónusta	1.952.160	337.559
Innri endurskoðun	2.067.775	1.955.264
Ferðakostnaður	2.891.317	4.297.198
Rekstrarvörur og skrifstofuáhöld	1.594.822	1.343.429
Önnur rekstrargjöld	8.040.720	9.105.880
Afskriftir	1.868.848	1.868.842
	<u>86.524.003</u>	<u>79.521.406</u>
12 Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	1.1.-31.12.2024	1.1.-31.12.2023
Hagnaður tímabilsins	2.070.000.930	1.865.798.223
Vegið meðaltal hlutafjár á tímabilinu	5.000.000.000	5.000.000.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut	<u>0,41</u>	<u>0,37</u>
13 Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	31.12.2024	31.12.2023
Ríkisskuldabréf - verðtryggt	4.372.105.344	1.976.139.109
Ríkisskuldabréf - óverðtryggt	312.381.081	1.058.575.063
Ríkisvixlar	2.750.926.024	2.953.780.200
	<u>7.435.412.449</u>	<u>5.988.494.372</u>
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar eru metin á gangvirði í lok tímabils miðað við skráð verð á virkum markaði.		
14 Markaðsverðbréf og skuldabréf	31.12.2024	31.12.2023
Sértryggt skuldabréf	2.762.143.446	2.176.187.220
Bankabréf	0	265.707.229
	<u>2.762.143.446</u>	<u>2.441.894.449</u>
15 Útlán og kröfur á lánastofnanir	31.12.2024	31.12.2023
Bankareikningar	479.546.342	156.681.273
Peningamarkaðslán	78.480.431	689.276.739
	<u>558.026.773</u>	<u>845.958.012</u>
16 Útlán og kröfur á viðskiptavini	31.12.2024	31.12.2023
Verðtryggt útlán*	192.250.489.220	182.955.938.547
Útlán í erlendri mynt	1.156.289.007	1.346.330.113
Óverðtryggt útlán	4.036.885.423	4.453.124.156
Óverðtryggt útlán til skammstíma	2.621.724.407	2.048.199.551
	<u>200.065.388.057</u>	<u>190.803.592.367</u>
Virðisrymun útlána til viðskiptavina	(43.924.450)	(41.976.655)
	<u>200.021.463.607</u>	<u>190.761.615.712</u>

Eftirstöðvar affalla og lántökupóknunar í árslok eru neikvæðar um 943 milljónir króna. Í árslok 2023 voru eftirstöðvarnar neikvæðar um 117 milljónir króna. Ástæðan fyrir áframhaldandi neikvæðri stöðu er að ávöxtunarkrafan er hærri en nafnvextir veittra lána á árinu.

Útlán og kröfur á viðskiptavini, frh.

Virðisrýnnarsjóður útlána stóð í 42 milljónum króna í lok árs 2023. Virðisrýnnun tímabilsins er öll metin út frá 12 mánaða væntu útlánatapi í þrepi 1. Breyting ársins mv. stöðu útlána í árslok var 1,9 milljónir króna og stendur virðisrýnnunarsjóður útlána í 44 milljónum króna í árslok.

* Lánasjóðurinn reiknar tvö útlán til viðskiptavina upp á gangvirði. Útlánin eru veitt í íslenskum krónum á föstum verðtryggðum vöxtum. Útlánin voru fjármögnuð með erlendra lántöku á breytilegum vöxtum. Lánasjóðurinn notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og verðbólguáhættu. Sjá skýringu 19 og 24.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánasjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Í árslok eru öll langtímalán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu, með veð í tekjum sveitarfélaga. Lánasjóðurinn veitir ekki lánsloforð og því eru engin lánsloforð í árslok.

Næsta árs afborganir

Staða 31.12.2024	Innan 1 árs	1 - 5 ára	Umfram 5 ár	Samtals
Verðtryggð útlán	14.792.607.394	61.761.794.610	115.696.087.216	192.250.489.220
Útlán í erlendra mynt	130.669.106	522.675.849	502.944.052	1.156.289.007
Óverðtryggð útlán	347.026.836	2.935.804.606	754.053.981	4.036.885.423
Öv.tr. skammtímaútl.	2.621.724.407	0	0	2.621.724.407
	<u>17.892.027.743</u>	<u>65.220.275.065</u>	<u>116.953.085.249</u>	<u>200.065.388.057</u>

Staða 31.12.2023	Innan 1 árs	1 - 5 ára	Umfram 5 ár	Samtals
Verðtryggð útlán	14.959.420.552	55.011.072.099	112.985.445.896	182.955.938.547
Útlán í erlendra mynt	136.695.587	546.782.953	662.851.573	1.346.330.113
Óverðtryggð útlán	425.267.649	1.517.001.940	2.510.584.567	4.453.124.156
Öv.tr. skammtímaútl.	2.048.199.551	0	0	2.048.199.551
	<u>17.569.583.339</u>	<u>57.074.856.992</u>	<u>116.158.882.036</u>	<u>190.803.592.367</u>

17 Rekstrarfjármunir

	31.12.2024	31.12.2023
Bókfært verð í ársbyrjun	68.183.154	70.051.996
	<u>68.183.154</u>	<u>70.051.996</u>
Afskriftir tímabilsins	(1.868.848)	(1.868.842)
Bókfært verð í lok tímabilsins	<u>66.314.306</u>	<u>68.183.154</u>
Bókfært verð í árslok greinist þannig:		
Kostnaðarverð	93.442.134	93.442.134
Uppsafnaðar afskriftir	(27.127.828)	(25.258.980)
Bókfært verð í lok tímabilsins	<u>66.314.306</u>	<u>68.183.154</u>

Núgildandi fasteignamat nemur 130,6 milljónum króna og brunabótamat 162,8 milljónum króna. Vátryggingarmat fasteigna er 162,8 milljónir króna.

18 Aðrar eignir

	31.12.2024	31.12.2023
Málsvarnarsjóður	30.000.000	22.500.000
Endurkræfur virðisaukaskattur	1.945.791	1.362.979
	<u>31.945.791</u>	<u>23.862.979</u>

Markmið málsvarnarsjóðs er að greiða málsvarnarkostnað stjórnarmanna og starfsmanna sem stofnast vegna mála sem beint er að þeim vegna starfa þeirra hjá sjóðnum samkvæmt sérreglum. Fjármunir málsvarnarsjóðs skulu varðveittir í formi bankainnistæðna eða traustra verðbréfa í eigu Lánasjóðsins. Fjármunir sem tilheyra málsvarnarsjóði tilheyra ekki handbæru fé í sjóðstreymi. Framlag í sjóðinn er 7,5 milljónir króna á hverju ári í 10 ár, þar til sjóðurinn nær 75 milljónum. Eftir það skal greitt árlega það sem uppá vantar svo að verðmæti sjóðsins haldi í við hækkanir launavísitölu á hverju ári. Grunnvísitala sjóðsins miðast við launavísitölu (778,6).

19 Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda

Samkvæmt alþjóðlega reikningsskilastaðlinum IFRS 9 ber að skipa fjáreignum í flokka sem endurspeglja sjóðstreymiseinkenni þeirra og markmið þess viðskiptalíkans sem fjáreignunum er stýrt eftir. Um mat hvers flokks eftir upphaflega skráningu fer sem hér segir:

- Fjáreignir og - skuldir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði;
- Fjáreignir og - skuldir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning;

Taflan hér fyrir neðan sýnir flokkun fjáreigna og fjárskulda samstæðunnar í samræmi við IFRS 9 og gangvirði þeirra:

31. desember 2024		Bókfært virði			Gangvirði			
		Skýr	Afskrifað kostnaðaverð	Fjáreignir á gangvirði	Samtals	Stig 1	Stig 2	Stig 3
Fjáreignir metnar á gangvirði								
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	13	0	7.435.412.449	7.435.412.449	7.435.412.449	0	0	7.435.412.449
Markaðsverðbréf og skuldabréf	14	0	2.762.143.446	2.762.143.446	2.762.143.446	0	0	2.762.143.446
Útlán og kröfur á viðskiptavini	16	0	1.917.802.379	1.917.802.379	0	1.917.802.379	0	1.917.802.379
		0	12.115.358.274	12.115.358.274	10.197.555.895	1.917.802.379	0	12.115.358.274
Fjáreignir ekki metnar á gangvirði								
Útlán og kröfur á lánastofnanir	15	558.026.773	0	558.026.773	558.026.773	0	0	558.026.773
Útlán og kröfur á viðskiptavini	16	198.147.585.678	0	198.147.585.678	188.746.633.802	0	0	188.746.633.802
		198.705.612.451	0	198.705.612.451	0	189.304.660.575	0	189.304.660.575
Fjárskuldir metnar á gangvirði								
Afleiðusamningar	24	0	178.257.475	178.257.475	0	178.257.475	0	178.257.475
Fjárskuldir ekki metnar á gangvirði								
Verðbréfaútgáfa	21	182.957.174.035	0	182.957.174.035	173.060.026.391	0	0	173.060.026.391
Aðrar langtímalántökur	22	2.731.058.504	0	2.731.058.504	0	2.731.058.504	0	2.731.058.504
Skammtímalántökur	25	71.821.369	0	71.821.369	0	71.821.369	0	71.821.369
Fjárskuldir samtals		185.760.053.908	0	185.760.053.908	173.060.026.391	2.802.879.873	0	175.862.906.264

Lánasjóðurinn notar þrepaskiptingu til að skýra mismunandi inntak á gangvirði. Þrepaskiptingin raðar inntökum í þrjú almenn þrep á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir. Gangvirði verðbréfaútgáfu byggir á gengi skuldabréfa Lánasjóðsins á markaði í árslok 2024.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en skráðum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint eða óbeint (afleidd verð). Gangvirði útlána og krafna á viðskiptavini er metið með því að núvirða greiðslufæði útlánasafnsins með ávöxtunarkröfu skuldabréfa Lánasjóðsins á markaði.

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda, frh.

31. desember 2023

		Bókfært virði			Gangvirði			
		Afskrifað kostnaðaverð	Fjáreignir á gangvirði	Samtals	Stig 1	Stig 2	Stig 3	Samtals
Fjáreignir metnar á gangvirði								
Ríkisskuldabréf og ríkisvixlar	13	0	5.988.494.372	5.988.494.372	5.988.494.372	0	0	5.988.494.372
Markaðsverðbréf og skuldabréf	14	0	2.441.894.449	2.441.894.449	2.441.894.449	0	0	2.441.894.449
Útlán og kröfur á viðskiptavini	16	0	1.826.986.418	1.826.986.418	0	1.826.986.418	0	1.826.986.418
		0	10.257.375.239	10.257.375.239	8.430.388.821	1.826.986.418	0	10.257.375.239
Fjáreignir ekki metnar á gangvirði								
Útlán og kröfur á lánastofnanir	15	845.958.012	0	845.958.012	0	845.958.012	0	845.958.012
Útlán og kröfur á viðskiptavini	16	188.976.605.949	0	188.976.605.949	0	174.951.057.144	0	174.951.057.144
Fjáreignir samtals		189.822.563.961	0	189.822.563.961	0	175.797.015.156	0	175.797.015.156
Fjárskuldir metnar á gangvirði								
Afleiðusamningar	24	0	7.496.075	7.496.075	0	7.496.075	0	7.496.075
Fjárskuldir ekki metnar á gangvirði								
Verðbréfaútgáfa	21	174.169.823.066	0	174.169.823.066	159.168.352.614	0	0	159.168.352.614
Aðrar langtímalántökur	22	2.975.577.658	0	2.975.577.658	0	2.975.577.658	0	2.975.577.658
Skammtímalántökur	25	121.000.568	0	121.000.568	0	121.000.568	0	121.000.568
Fjárskuldir samtals		177.266.401.292	0	177.266.401.292	159.168.352.614	3.096.578.226	0	162.264.930.840

20 Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Eftirfarandi töflur innihalda yfirlit yfir fjáreignir og fjárskuldir sem falla undir jöfnunarsamninga eða sambærilega samninga sem beita má án skilyrða.

Staða 31.12.2024

	Fjáreignir og -skuldir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnun sem ekki er færð í efnahagsreikning		Fjárskuldir nettó innan jöfnunarsamninga	Fjárskuldir utan jöfnunarsamninga	Bókfært virði nettó í efnahagsreikn.
	Fjáreignir	Fjárskuldir	Mismunur	Fjáreignir	Afhentar tryggingar			
Afleiður	1.738.351.117	(1.916.608.592)	(178.257.475)	0	0	0	0	(178.257.475)

Staða 31.12.2023

	Fjáreignir og -skuldir sem falla undir jöfnunarsamninga			Jöfnun sem ekki er færð í efnahagsreikning		Fjárskuldir nettó innan jöfnunarsamninga	Fjárskuldir utan jöfnunarsamninga	Bókfært virði nettó í efnahagsreikn.
	Fjáreignir	Fjárskuldir	Mismunur	Fjáreignir	Afhentar tryggingar			
Afleiður	1.819.186.411	(1.826.682.486)	(7.496.075)	0	0	0	0	(7.496.075)

21 Verðbréfaútgáfa

	Vegin meðaltals vaxtaþrósentia*		31.12.2024	31.12.2023
	31.12.2024	31.12.2023		
LSS 08 1, lokagj. 2034	5,29%	5,29%	1.833.660.200	1.934.937.747
LSS 150224, lokagj. 2024		5,47%	0	1.729.352.121
LSS 150434, lokagj. 2034	1,97%	1,97%	97.206.360.152	101.595.116.603
LSS 39 0303, lokagj. 2039	3,14%	2,93%	32.426.823.128	22.852.597.652
LSS 151155, lokagj. 2055	2,51%	2,39%	42.440.004.365	36.975.681.413
LSS 040440 GB, l.gj. 2040	2,43%	2,43%	7.284.798.723	7.320.033.511
LSB 280829 GB, l.gj. 2029	4,27%	4,27%	1.765.527.467	1.762.104.019
Verðbréfaútgáfa samtals			182.957.174.035	174.169.823.066

* Vegin meðaltals vaxtaþrósentia er sett fram samkvæmt aðferð um virka vexti.

Eftirstöðvar affalla og lántökukostnaðar í lok tímabils eru 2.059 milljónir króna. Í árslok 2023 voru eftirstöðvarnar 5.127 milljónir króna. Breytingin er tilkomin vegna hækkunar á ávöxtunarkröfu á markaði.

Næsta árs afborganir

Staða 31.12.2024	Innan 1 árs	1 - 5 ár	Umfram 5 ár	Samtals
Verðbréfaútgáfa	12.743.238.112	56.017.784.042	114.196.151.881	182.957.174.035

Staða 31.12.2023	Innan 1 árs	1 - 5 ár	Umfram 5 ár	Samtals
Verðbréfaútgáfa	12.066.923.673	47.852.511.469	114.250.387.924	174.169.823.066

22 Aðrar langtímalántökur

	Vaxtaþrósentia		31.12.2024	31.12.2023
	31.12.2024	31.12.2023		
EUR lán	2,48%	3,42%	2.731.058.504	2.975.577.658

Næsta árs afborganir

Staða 31.12.2024	Innan 1 árs	1 - 5 ár	Umfram 5 ár	Samtals
EUR lán	111.018.638	1.237.857.818	1.382.182.048	2.731.058.504

Staða 31.12.2023	Innan 1 árs	1 - 5 ár	Umfram 5 ár	Samtals
EUR lán	116.233.501	1.296.003.550	1.563.340.607	2.975.577.658

23 Breytingar á lántöku

Ársbyrjun 1.1.2024, verðbréfaútgáfa verðtr., sbr. skýr. 21	172.407.719.047
Ársbyrjun 1.1.2024, verðbréfaútgáfa óverðtr., sbr. skýr. 21	1.762.104.019
Ársbyrjun 1.1.2024, önnur langtímalán, EUR, sbr. skýr. 22	2.975.577.658
	177.145.400.724

Ný verðbréfaútgáfa á árinu	13.899.638.329
Greiddar afborganir af verðbréfaútgáfu og annara langtímalána	(13.363.916.603)
Fengnar afborganir eigin skulda	893.699.773
Áfallnir vextir	(420.972)
Verðbætur og gengismunur	7.832.335.850
Dreifing affalla	(718.504.562)
Staða í árslok 31.12.2024	185.688.232.539

24 Afleiðusamningar

Staða 31.12.2024	Nafnverð	Gangvirði		
		Eign	Skuld	Mismunur
Afleiðusamningar	1.800.000.000	1.738.351.117	1.916.608.592	(178.257.475)

Staða 31.12.2023	Nafnverð	Gangvirði		
		Eign	Skuld	Mismunur
Afleiðusamningar	1.800.000.000	1.819.186.411	1.826.682.486	(7.496.075)

Lánasjóðurinn notar afleiðusamninga til að verja sig gegn gjaldeyrisáhættu, vaxtaáhættu og verðbólguáhættu. Afleiðusamningarnir eru notaðir til að verja rekstur sjóðsins gegn sveiflum í gengi erlendra mynta og breytingum á vöxtum erlendra mynta þar sem útlán til viðskiptavina eru í íslenskum krónum og á föstum verðtryggðum vöxtum. Sú áhætta kemur til vegna misvægis í samsetningu eigna og skuldbindinga. Skýr mörk eru sett varðandi slíkt misvægi og eru stjórnendur og stjórn reglulega upplýst um þá áhættu sem í því felst.

Afleiðusamningarnir eru reiknaðir upp á gangvirði og er gangvirðisbreytingin færð á meðal annarra rekstrartekna sem hreinar vaxtatekjur af fjáreignum tilskyldum á gangvirði. Afleiðusamningarnir eru færðir í efnahag til eignar eða skuldar eftir því hver staðan á samningum er á uppgjörstigi.

25 Skammtímalántökur

	Vaxtaþrósentia		31.12.2024	31.12.2023
	31.12.2024	31.12.2023		
ISK lán (óverðtryggð)	7,20%	8,90%	71.821.369	121.000.568

26 Lífeyrisskuldbinding

Á Lánasjóði sveitarfélaga og samstarfsstofnnum hans hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrrum starfsmanna sem eiga aðild að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Tryggingafræðilegur útreikningur á lífeyrisskuldbindingu fer fram árlega og er hún færð til skuldar í ársreikningi í lok árs. Útreikningur miðar við sömu tryggingafræðilegu forsendur og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Meginforsendur eru 2% raunvextir, lífslíkur samkvæmt reynslu árunum 2018 - 2022 og örorkulíkur samkvæmt reynslu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á árunum 2010 - 2014. Ekki er um að ræða skuldbindingu vegna núverandi starfsmanna Lánasjóðsins.

Lífeyrisskuldbinding greinist þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Frá fyrra ári	111.569.407	106.560.721
Greiddur lífeyrir á árinu	(5.938.012)	(5.373.654)
Hækkun skuldbindingar	22.260.322	10.382.340
Lífeyrisskuldbinding samtals	127.891.717	111.569.407

27 Aðrar skuldir

	31.12.2024	31.12.2023
Lánardrottnar	11.145.038	10.068.137
Ógreidd launatengd gjöld	4.631.010	11.147.474
Aðrar skuldir samtals	15.776.048	21.215.611

28 Eigið fé

Lánasjóðurinn reiknar og birtir eiginfjárlutfall sitt samkvæmt 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sjóðurinn beitir staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á útlánaáhættu og markaðsáhættu, en grundvallaraðferð (e. basic indicator approach) við útreikning vegna rekstraráhættu. Samkvæmt lögunum ber Lánasjóðnum að binda til viðbótar við 8% lágmarks eiginfjárlutfall, 2,5% í vermdunarauka og 2,5% í sveiflujöfnunarauka af áhættugrunni. Eiginfjárkröfnun í árslok er 13%.

Eigið fé, frh.

Í árslok nemur heildarhlutafé sjóðsins 5.000 milljónum króna. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs.

Taflan hér að neðan sýnir eiginfjárgrunn sjóðsins, áhættuvegnar eignir og eiginfjárlutfall sjóðsins í árslok.

	31.12.2024	31.12.2023
Eiginfjárgrunnur		
Hlutafé	5.000.000.000	5.000.000.000
Lögbundinn varasjóður	1.250.000.000	1.250.000.000
Bundin óinnleyst gangvirðisbreyting	77.664.300	94.938.541
Óráðstafað eigið fé	18.465.662.924	16.378.387.753
Eiginfjárgrunnur samtals	24.793.327.224	22.723.326.294
Áhættugrunnur		
Útlánaáhætta	1.336.169.922	1.366.917.702
Markaðsáhætta	1.748.011.179	1.307.719.781
Rekstraráhætta	3.784.560.256	2.790.192.053
Áhættugrunnur samtals	6.868.741.357	5.464.829.536
Eiginfjárlutfall		
Eiginfjárlutfall með fullri mildun	361%	416%

Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjárlutfall vegna lögbundinnar sérstöðu sjóðsins. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 geta sveitarfélög veitt sjóðnum veð í tekjum sínum vegna lána sem það tekur hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem það veitir honum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69. gr. sömu laga. Við beitingu mildunar fái umræddar áhættuskuldbindingar, að því marki sem veð er fyrir hendi, áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum.

Vegið eiginfjárlutfall Lánasjóðsins er 361% miðað við stöðu útlána í árslok 2024 en var 416% í árslok 2023, með nýtingu á mildunarákvæði við eiginfjárlutfall. Án mildunar þá er vegið eiginfjárlutfall 54% en var 53% í árslok 2023.

29 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sjóðsins eru skilgreindir sem stjórn, fyrirtæki og stofnanir í eigu sveitarfélaga sem tengjast stjórnarmönnum, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Varamenn í stjórn falla undir skilgreininguna frá þeim tíma sem þeir mæta á stjórnarfund og taka þátt í ákvarðanatöku um starfsemi sjóðsins. Sveitarfélög sem eiga virkan eignarhlut sem nemur a.m.k. 10% teljast einnig tengdir aðilar auk fyrirtækja og stofnanna í þeirra eigu. Einn hluthafi fer með virkan eignarhlut, sjá skýringu 31.

Upplýsingar um fyrirgreiðslu til tengdra aðila eru sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Staða í ársbyrjun	22.323.256.008	21.063.779.606
Ný lán.....	0	960.000.000
Afborganir lána.....	(1.328.375.872)	(1.690.588.729)
Vextir, verðbætur og gengismunur.....	857.113.859	1.656.311.083
Endurflokkun á tengdum aðilum.....	(3.150.116.561)	333.754.048
Staða í árslok.....	18.701.877.434	22.323.256.008
Vaxtatekjur.....	527.077.523	586.563.651

Allar fyrirgreiðslur til tengdra aðila fóru fram eins og venjubundnar fyrirgreiðslur. Um þau giltu sömu skilmálar, þ.m.t. um vexti og tryggingar eins og um sambærileg viðskipti við þriðja aðila.

Upplýsingar um laun stjórnenda, sjá skýringu nr. 9.

Gjöld til Sambands íslenskra sveitarfélaga, sjá skýringu nr. 11.

30 Lánveitingar

Hér að neðan er yfirlit yfir stöðu lána allra sveitarfélaga hjá Lánasjóðnum í árslok, samtals að fjárhæð 167.030 m.kr. Á næstu síðu er yfirlit yfir lánveitingar til fyrirtækja í eigu sveitarfélaga.

Sveitarfélag	Fjárhæð	Íbúafj.*	Sveitarfélag	Fjárhæð	Íbúafj.*
Hafnarfjarðarkaupstaður	19.906	30.616	Þingeyjarsveit	1.069	1.410
Garðabær	17.154	19.088	Sveitarfélagið Vogar	986	1.500
Mosfellsbær	16.060	13.403	Snæfellsbær	932	1.617
Sveitarfélagið Árborg	14.486	11.565	Strandabyggð	924	414
Kópavogsbær	13.761	39.335	Vopnafjarðarhreppur	912	650
Reykjanesbær	13.044	21.957	Sveitarfélagið Hornafjörður	902	2.487
Akureyrarbær	7.311	19.812	Norðurþing	876	3.081
Skagafjörður	6.138	4.276	Hörgársveit	840	791
Múlaþing	6.109	5.177	Grímsnes- og Grafningshreppur	764	539
Hveragerðisbær	4.974	3.265	Dalvíkurbyggð	759	1.866
Seltjarnarnesbær	4.311	4.572	Húnaþing vestra	715	1.212
Fjarðabyggð	4.288	5.163	Skaftárhreppur	519	620
Suðurnesjabær	3.947	3.897	Langanesbyggð	518	540
Ísafjarðarbær	2.955	3.797	Dalabyggð	458	642
Vesturbyggð	2.533	1.356	Akraneskaupstaður	448	8.071
Húnabyggð	2.402	1.349	Mýrdalshreppur	383	881
Bolungarvíkurkaupstaður	2.368	989	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	176	591
Sveitarfélagið Stykkishólmur	2.282	1.266	Grýtubakkahreppur	138	396
Bláskógabyggð	1.795	1.322	Reykholahreppur	125	236
Borgarbyggð	1.758	4.100	Kjósarhreppur	110	269
Sveitarfélagið Ölfus	1.603	2.631	Flóahreppur	109	699
Rangárþing eystra	1.433	2.007	Fjallabyggð	18	1.973
Grundarfjarðarbær	1.345	821	Ásahreppur	8	293
Hrunamannahreppur	1.205	865	Árneshreppur	0	53
Rangárþing ytra	1.170	1.867			

* Íbúafjöldi skv. Hagstofu 1. janúar 2024

Lánveitingar, frh.

Hér að neðan er yfirlit yfir stöðu lána hjá Lánasjóðnum til fyrirtækja sem eru 100% í eigu sveitarfélaga í árslok, samtals að fjárhæð 33.971 m.kr.

Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga	Fjárhæð	Fyrirtæki í eigu sveitarfélaga	Fjárhæð
Félagsbústaðir hf	10.902	Norðurá bs.	175
Norðurorka hf	5.937	Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf.	158
Selfossveitur	2.547	Félagspjónusta A-Hún bs	157
Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar	1.707	Fasteignafél. Hveragerðisbæjar	146
Strætó bs	1.553	Byggðasafnið í Skógum	127
SORPA bs	1.474	Byggðasamlagið Oddi bs	121
Fasteignafélag Akraneskaupstaðar	1.158	Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.	88
Reykjaneshöfn	967	Fasteignir Húnavatnshrepps ehf.	87
Brunavarnir Suðurnesja bs	670	Samb.sveitarfél. á Suðurnesjum	80
Ísafjarðarhöfn	655	Húnanet ehf.	76
Brunavarnir Árnessýslu	575	Dalaveitur ehf	73
Þorlákshafnarhöfn	531	Hitaveita Flúða og nágrennis	65
Dvalarheimilið Kirkjuhvoll	520	Sorpsamlag Strandasýslu	61
Kjósarveitur ehf.	463	Langaneshafnir	57
Fallorka ehf	443	Hrunaljós	55
Hafnarsjóður Norðurþings	400	Hólmavíkurhöfn	53
Hitaveita Grímsnes- og Grafnings	343	Hafnarfjarðarhöfn	50
Héraðsnefnd Árnesinga bs.	266	Flóaljós	33
Vatnsveita Rangárþings ytra og Á	239	Veitustofnun Strandabyggðar	28
Höfði hjúkrunar- og dvalarheimili	232	Tónlistarskóli Árnesinga	20
Byggðasafn Árnesinga	218	Félags- og skólaþjónusta Snæfell	18
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	211	Listasafn Árnesinga	17
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs	205	Héraðsskjalasafn Árnesinga	10

Lánasjóðurinn hefur fengið skriflega heimild frá lántakendum sínum til birtingar upplýsinga um stöðu lána þeirra hjá sjóðnum. Þetta er til þess að geta birt í opinberum gögnum sundurliðaðar upplýsingar um útlán sjóðsins og hvernig þau skiptast á milli sveitarfélaga og félaga í þeirra eigu. Heimildarinnar var aflað í samræmi við 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

31 Hluthafar

Hluthafar sjóðsins eru 62, en hann er í eigu allra sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Hér að neðan má sjá sundurliðun allra hluthafa sjóðsins.

Sveitarfélag	Eignarhl. í %	Sveitarfélag	Eignarhl. í %
Akraneskaupstaður	2,41%	Langanesbyggð	0,62%
Akureyrarbær	5,49%	Mosfellsbær	1,49%
Árneshreppur	0,04%	Múlaþing	2,99%
Ásahreppur	0,04%	Mýrdalshreppur	0,37%
Bláskógabyggð	0,63%	Norðurþing	2,22%
Bolungarvíkurkaupstaður	0,83%	Rangárþing eystra	1,67%
Borgarbyggð	1,78%	Rangárþing ytra	1,72%
Dalabyggð	0,61%	Reykholahreppur	0,30%
Dalvíkurbyggð	1,35%	Reykjanesbær	3,03%
Eyja- og Miklaholtshreppur	0,05%	Reykjavíkurborg	17,47%
Eyjafjarðarsveit	0,37%	Seltjarnarnesbær	1,16%
Fjallabyggð	2,39%	Skaftárhreppur	0,38%
Fjarðabyggð	3,34%	Skagafjörður	2,42%
Fljótisdalshreppur	0,03%	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,37%
Flóahreppur	0,25%	Skorradalshreppur	0,02%
Garðabær	3,76%	Snæfellsbær	1,77%
Grindavíkurbær	1,09%	Strandabyggð	0,45%
Grímsnes-og Grafningshreppur	0,22%	Suðurnesjabær	1,09%
Grundarfjarðarbær	0,60%	Súðavíkurhreppur	0,30%
Grýtubakkahreppur	0,13%	Svalbarðsstrandarhreppur	0,18%
Hafnarfjarðarkaupstaður	4,25%	Sveitarfélagið Árborg	3,05%
Hrunamannahreppur	0,24%	Sveitarfélagið Hornafjörður	1,35%
Húnabyggð	1,65%	Sveitarfélagið Skagaströnd	0,29%
Húnaþing vestra	0,89%	Sveitarfélagið Stykkishólmur	1,87%
Hvalfjarðarsveit	0,22%	Sveitarfélagið Vogar	0,42%
Hveragerðisbær	0,96%	Sveitarfélagið Ölfus	0,86%
Hörgársveit	0,17%	Tjörneshreppur	0,02%
Ísafjarðarbær	4,15%	Vestmannaeyjabær	5,81%
Kaldrananeshreppur	0,06%	Vesturbyggð	1,52%
Kjósarhreppur	0,08%	Vopnafjarðarhreppur	0,68%
Kópavogsbær	5,52%	Þingeyjarsveit	0,55%



Viðauki I – Stjórnháttaryfirlýsing

Óendurskoðuð

Stjórnarháttayfirlýsing

Góðir stjórnarhættir leggja grunn að opnum og traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, lántakanda, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila og tryggja vandaða og ábyrga ákvarðanatöku. Stjórn telur að með því að tileinka sér góða stjórnarhætti þá eykur það gagnsæi, heilindi og ábyrgð í stjórnkerfi sjóðsins.

Stjórnarháttayfirlýsing Lánasjóðs sveitarfélaga, byggir á lögum og reglum og viðurkenndum leiðbeiningum, eins og þær fram koma í ritinu „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2021.

Lánasjóðurinn hlaut viðurkenningu „Fyrirmyndafyrirtæki í stjórnarháttum“ í ágúst 2024. Viðurkenningin byggir á úttekt á stjórnarháttum sem tekur mið af leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Umsjónaraðili viðurkenningaferlis var Stjórnvísir.

Hlutverk Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er lánafyrirtæki, sem starfar eftir hlutafélagalögum nr. 2/1995, lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lögum um sjóðinn nr. 150/2006 og er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabankans. Hlutverk Lánasjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán sjóðsins takmarkast við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Eignarhald

Hluthafar Lánasjóðs sveitarfélaga eru 62, en hann er í eigu sveitarfélaga landsins. Reykjavíkurborg er eini hluthafinn sem á meira en 10% í sjóðnum með 17,5% hlut en samtals eiga 10 stærstu hluthafar sjóðsins 56%. Eignarhlutir í Lánasjóðnum geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja sem eru að fullu í þeirra eigu, samkvæmt lögum um sjóðinn. Sundurliðun hluthafa sjóðsins má finna í skýringu 31.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og hefur hver og einn þeirra tilgreindan varamann, sem kjörnir eru á aðalfundi sjóðsins. Kynjahlutfall í aðalstjórn uppfyllir ákvæði laga um kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja.

Stjórnarhættir

Í samræmi við 1. gr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þá ber stjórn ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn sjóðsins, aðskilnaði starfa og að komið sé í veg fyrir hagsmunaaðrekstra. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfundar, lögmæti ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfisástæður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins (www.lanasjodur.is).

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja hvetja til þess að stjórn skipi sérstaka starfskjaranefnd til að setja sjóðnum starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, um laun og önnur starfskjör. Stjórn Lánasjóðsins ákvað að setja ekki á fót sérstaka starfskjaranefnd í ljósi þess að einungis þrjú starfsmenn starfa hjá sjóðnum auk þess sem laun starfsmanna eru tengd við launakjör starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Leiðbeiningarnar hvetja til þess að tilnefningarnefnd sé kosin á aðalfundi. Stjórn Lánasjóðsins hefur skipað tilnefningarnefnd á fyrsta fundi sínum á hverju ári og sett henni starfsreglur. Á síðasta aðalfundi í mars 2024 lagði stjórn til breytinga á samþykktum sjóðsins þannig að tilnefningarnefnd sé kosin á aðalfundi og var viðkomandi breyting samþykkt þar.

Innra eftirlit og undanþága frá rekstri innri endurskoðunardeildar

Stjórn Lánasjóðsins ber ábyrgð á að til staðar sé virkt innra eftirlit í samræmi við lög og settar reglur. Lánasjóðurinn leggur áherslu á að verklag sé skjalfest, áhættur séu greindar og metnar, eftirlitsaðgerðir skilgreindar til að mæta viðkomandi áhættum og þannig draga úr áhrifum viðkomandi áhættuþátta.

Hjá fjármálafyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþáguheimild með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar. Lánasjóðurinn hefur fengið slíka undanþágu frá rekstri endurskoðunardeildar samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfsemi til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnar.

Stjórn Lánasjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánasjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Grant Thornton á Íslandi er innri endurskoðandi Lánasjóðsins.

Stjórn hefur skipað endurskoðunarnefnd samanber 108. gr. laga nr. 3/2006 til að sinna eftirliti með vinnuferlum reikningsskila, endurskoðunar, áhættustýringar og innra eftirliti.

Áhættustýring og áhættunefnd

Stjórn ber ábyrgð á áhættustefnu Lánasjóðsins og skilgreinir áhættuvilja. Stjórn Lánasjóðsins samþykkir reglur um framkvæmd áhættustýringar, hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt og tryggir að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánasjóðsins gagnvart stjórninni.

Sem lánaþyrftu stendur Lánasjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnum stjórnenda hans er að sjá til þess að áhætta sé metin, henni stýrt og haldið innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustýringunni eru greining helstu áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánasjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi undir öllum kringumstæðum af sér alla þá atburði sem hent geta í starfsumhverfi hans.

Það eru tvær grundvallareglur sem hafðar eru í heiðri í rekstri sjóðsins í þeim tilgangi að lágmarka áhættu í daglegum rekstri hans: útlán eru almennt veitt með sama hætti og lántökur (þörun útlána) og lánsloforð eru ekki gefin nema fjármögnun sé lokið. Lögð er sérstök áhersla á að fjármögnun Lánasjóðsins endurspeglar í útlánum hans og með því að fara eftir þessum reglum í daglegum störfum eru líkur á lausafjárskorti auk annara áhættuþátta lágmarkaðar.

Ársfjórðungslega útbýr áhættustýring sjóðsins skýrslu til stjórnar og kynnis á stjórnarfundum, þar sem farið er yfir helstu áhættuþætti og stöðu þeirra samanborið við áhættustefnu sjóðsins. Lánasjóðurinn fer árlega í gegnum innra matsferli í samræmi við lög um fjármálaþyrftu til að meta eiginfjárbörð sjóðsins og styrkja tengsl áhættumats sjóðsins og áhættustýringu. Innra-matsskýrslan (e. ICAAP) er kynnt og samþykkt af stjórn sjóðsins áður en hún er send til Fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Lánasjóðurinn ber samkvæmt 78. gr. laga um fjármálaþyrftu nr. 161/2002 að starfrækja áhættunefnd, sem ber að sinna ráðgjafa- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn er varðar mótun áhættustefnu og áhættuvilja. Sökum smæðar sjóðsins var sótt um undanþágu frá sérstakri áhættunefnd í samræmi við 5. mgr. 78. gr. Slík undanþága var veitt af Fjármálaeftirlitinu með bréfi dags. 23. desember 2015 og skilgreint að starfsskyldur áhættunefndar yrðu yfirfærðar á stjórn Lánasjóðsins.

Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. laga um fjármálaþyrftu skal áhættustýring fjármálaþyrftækisins fara fram í einingu sem er óháð öðrum starfseiningum. Þá skal ráða yfirmann áhættustýringar sem skal búa við sjálfstæði sem stjórnandi og hafa umsjón með og bera ábyrgð á þeirri einingu þar sem áhættustýring fjármálaþyrftækis fer fram. Í 7. mgr. 17. gr. kemur fram að ef starfsemi fjármálaþyrftækis réttlæti ekki sérstakt stöðugildi yfirmanns áhættustýringar geti Fjármálaeftirlit Seðlabankans heimilað að annar starfsmaður hafi umsjón með áhættustýringunni, enda sé gætt að hagsmunaárekstrum. Hafa skal til hliðsjónar eðli og umfang starfsemi fjármálaþyrftækis. Með bréfi 14. desember 2020 heimilar Fjármálaeftirlit Seðlabankans framkvæmdastjóra, Óttari Guðjónssyni að hafa umsjón með áhættustýringu sjóðsins, sbr. 7. mgr. 17. gr.

Ytri endurskoðun og reikningsskil

Í samræmi við lög um fjármálaþyrftu nr. 161/2002 og samþykktir Lánasjóðsins skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi. Endurskoðunarfélag sjóðsins skal jafnan hafa aðgang að öllum gögnum og skjölum sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga. Á aðalfundi sjóðsins þann 1. apríl 2022 var KPMG Ísland (KPMG) kosið endurskoðunarfélag Lánasjóðsins til 5 ára og endurskoðandi er Hrafnhildur Helgadóttir. Sjóðurinn gerir uppgjör sín samkvæmt IFRS alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og birtir þær upplýsingar sem krafist er í samræmi við þá staðla.

Gildi sjóðsins og siðareglur


Stjórn hefur sett starfsmönnum sjóðsins siðareglur. Þar segir að starfsmenn Lánasjóðsins eigi að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Lánasjóðsins í hvívetna. Þá eru starfsmenn sjóðsins í störfum sínum bundnir af lögum, reglum og samþykktum Lánasjóðsins. Starfsmenn sjóðsins eru einnig meðvitaðir um þá samfélagslegu ábyrgð sem sjóðurinn hefur að gegna og starfa í samræmi við það. Starfsmenn Lánasjóðsins hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnáætlunar í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæja og upplýsta ákvarðanatöku, og að framkvæma ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en lögmæt og málefnaleg sjónarmið ráði för við stjórnun og rekstur Lánasjóðsins.

Stjórn Lánasjóðsins mótar stefnu og hefur eftirlit með rekstri Lánasjóðsins. Starfsmenn Lánasjóðsins gæta þess að framkvæmd stjórnýslu og rekstrar Lánasjóðsins sé ávallt eins og best verður á kosið.

Stjórn hefur sett sér starfsreglur þar sem fram kemur að stjórnarmenn skuli afla sér þekkingar á helstu þáttum í starfsemi Lánasjóðsins, fjárhagslegri uppbyggingu hans og helstu áhættum. Þeir skulu jafnframt kynna sér ákvæði laga um Lánasjóðinn, laga um fjármálafyrirtæki, laga um hlutafélög og laga um verðbréfavíðskipti eftir því sem við á, og reglur sem settar eru á grundvelli þessara laga og geta varðað rekstur Lánasjóðsins. Sama gildir um leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins.

Stjórnskipulag Lánasjóðsins

Helstu einingar í stjórnskipulagi Lánasjóðsins eru stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins. Þá hefur stjórn hingað til skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og tilnefningarnefnd sem kemur með tillögu að uppstillingu stjórnar fyrir aðalfundi ár hvert. Starfsreglur stjórnar, endurskoðunarnefndar og tilnefningarnefndar er að finna á heimasíðu sjóðsins (www.lanasjodur.is).



Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Í samræmi við samþykktir Lánasjóðsins fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum hans innan þeirra marka sem landslög og samþykktir sjóðsins ákveða.

Stjórn Lánasjóðsins boðar til hluthafafunda og getur ákveðið hvar þeir skuli haldnir. Til hluthafafunda skal boða með skemmst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara. Aðalfund á að auglýsa á sama hátt með tveggja vikna fyrirvara og skal boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund. Hluthafafundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lánasjóðsins

Stjórn Lánasjóðsins hefur æðsta vald í málefnum sjóðsins á milli hluthafafunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun sjóðsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri sjóðsins og fylgir því eftir að starfsemi sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna sjóðsins og góð regla sé á uppgjöri sjóðsins.

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri sjóðsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Þá ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi sjóðsins fylgja. Lagarammi Lánasjóðsins gerir einnig kröfu um hæfi framkvæmdastjóra en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins. Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins hefur staðist framangreint hæfismat.

Í stjórn sjóðsins sitja fimm aðalmenn og fjórir varamenn. Þá starfa 3 starfsmenn hjá sjóðnum og þar af einn framkvæmdastjóri sem sitja stjórnarfundum sjóðsins. Á árinu 2024 voru haldnir 12 stjórnarfundir og 3 fundir í endurskoðunarnefnd.

Eftirfarandi er yfirlit yfir fundarsetu í stjórn og endurskoðunarnefnd sjóðsins á síðasta ári:

Stjórnarmaður	Tímabil	Stjórn	Endurskoðunarnefnd
Kristinn Jónasson	1.jan. - 31.des.	12	-
Arna Lára Jónsdóttir	1.jan. - 31.des.	12	-
Fannar Jónasson	1. mar. - 31. des.	10	3
Fjóla St. Kristinsdóttir	1.jan. – 28.feb.	2	-
Guðmundur Baldvin Guðmundsson	1.jan. - 31.des.	12	3
Halldóra Káradóttir	1.jan. - 31.des.	12	-
Pórdís Sveinsdóttir	1.jan. - 31.des.	-	3

Stjórn Lánasjóðsins



Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sjóðsins sem fram fór í Hörpu þann 14. mars 2024 og hana skipa:

Kristinn Jónasson, stjórnarformaður

Kristinn hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 1999, varaformaður frá árinu 2005 og formaður stjórnar frá árinu 2019. Kristinn er rekstrarfræðingur frá Háskólanum á Bifröst og er núverandi bæjarstjóri Snæfellsbæjar. Hann hefur starfað sem bæjarstjóri frá árinu 1998 og situr þar að auki í margvíslegum nefndum, ráðum og stjórnnum.

Varamaður Kristins í stjórn er Helgi Hlynur Ásgrímsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Múlaþingi.

Arna Lára Jónsdóttir, aðalmaður í stjórn

Arna Lára hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2017. Arna Lára var bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar eftir kosningar 2022 en lét af störfum í lok árs 2024 í kjölfar þess að hún var kosin á Alþingi fyrir Samfylkinguna í Norðvesturkjördæmi í Alþingiskosningunum í lok nóvember 2024. Áður var hún bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar frá árinu 2006, í bæjarráði frá 2010 og formaður þess frá árinu 2014-2018. Arna Lára var varabíngkona fyrir Samfylkinguna í Norðvesturkjördæmi 2009-2013 og frá árinu 2017. Arna Lára var svæðisstjóri Eimskíps á Vestfjörðum frá 2020 - 2022 og starfaði áður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands frá 2007-2020. Þar áður vann Arna Lára hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Hún hefur B.A. gráðu í stjórnmálafræði og meistaraþáttum í alþjóðaviðskiptum og markaðsfræði frá Háskóla Íslands.

Varamaður Örnú Láru í stjórn er Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

Fannar Jónasson, aðalmaður í stjórn

Fannar hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2024. Hann er bæjarstjóri Grindavíkurbæjar síðan í ársbyrjun 2017. Fannar er menntaður viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði (Cand Oecon) frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá sama skóla. Fannar rak lengi vel eigin viðskipta- og rekstrarþjónustu og sinnti samhliða sveitarstjórnarmálum, m.a. sem oddviti sveitarstjórnar Rangárvallahrepps (nú undir Rangárþingi ytra). Einnig starfaði hann hjá Arion banka og forverum hans í um 10 ár, lengst af sem útibússtjóri. Fannar hefur átt sæti í fjölda stjórna og ráða á vettvangi sveitarfélaga, hjá ríkinu og í einkageiranum. Fannar tók sæti í endurskoðunarnefnd sjóðsins árið 2023.

Varamaður Fannars í stjórn er Fjóla St. Kristinsdóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, varaformaður í stjórn og formaður endurskoðunarnefndar Lánasjóðsins

Guðmundur Baldvin var kosinn í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga á aðalfundi árið 2019. Hann var bæjarfulltrúi Akureyrabæjar frá árinu 2010, formaður bæjarráðs frá 2014 og í fullu starfi sem bæjarfulltrúi frá ársbyrjun 2017 til kosninga 2022. Guðmundur Baldvin var skrifstofustjóri og sat í fjárfestingaráði Stapa lífeyrissjóðs 2006 – 2017. Þar áður vann hann sem skrifstofustjóri og síðar fjármálastjóri hjá Samherja hf. á árunum 1995 – 2005. Guðmundur Baldvin lauk prófi í verðbréfavíðskiptum 2006 frá Háskólanum í Reykjavík, auk þess sem hann lauk þriggja anna rekstrar- og viðskiptanámi við Háskólann á Akureyri árið 2005. Guðmundur Baldvin tók sæti í endurskoðunarnefnd sjóðsins árið 2022.

Varamaður Guðmundar Baldvins í stjórn er Grímur R. Lársson, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnabyggð.

Halldóra Káradóttir, aðalmaður í stjórn

Halldóra hefur setið í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga frá árinu 2023. Halldóra er sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar og tók við því starfi árið 2019. Áður var hún skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu og deildastjóri áætlunar- og greiningardeildar Reykjavíkurborgar frá árinu 2006. Halldóra er viðskiptafræðingur með Cand.oecon gráðu frá Háskóla Íslands og MS í fjármálum fyrirtækja frá sama skóla. Halldóra hefur setið mörgum nefndum og stjórnunum fyrir hönd Reykjavíkurborgar, þar á meðal Lífeyrissjóðsins Brú árin 2018 – 2022 og stjórn Landsamtaka lífeyrissjóða frá júní 2018 til dags.

Varamaður Halldóru er Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurbings.

Framkvæmdastjóri Lánasjóðsins

Óttar Guðjónsson hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá því haustið 2008. Óttar hefur starfað á fjármálamarkaði frá árinu 1992 og hefur m.a. starfað á Íslandi hjá Íslandsbanka, Kaupþingi, Landsbréfum og á Englandi hjá SEB og Raphael&Sons. Óttar er með ML í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, M.Sc. í fjármálum frá London Business School og M.Sc. og B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands.



Endurskoðunarnefnd Lánasjóðsins

Endurskoðunarnefnd sjóðsins var skipuð af stjórn sjóðsins á stjórnarfundum þann 14. mars 2024 en hana skipaði:

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður.

Fannar Jónsson, nefndarmaður.

Þórdís Sveinsdóttir, nefndarmaður kosin á aðalfundi 14. mars 2024, viðskiptafræðingur með áherslu á reikningshald og endurskoðun og M.Sc. í fjármálum fyrirtækja og stjórnun, sviðsstjóri Þróunarviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Endurskoðunarnefnd Lánasjóðsins starfar í samræmi við 108. gr. laga um ársreikninga. Stjórn hefur sett henni starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningssskila.
- Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu.
- Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings.
- Meta óhæði endurskoðenda og hafa eftirlit með öðrum störfum hans.
- Setja fram tillögu til stjórnar um val endurskoðanda.

Tilnefningarnefnd Lánasjóðsins

Tilnefningarnefnd Lánasjóðsins starfsárið 2024-2025 var kosin á aðalfundi sjóðsins 14. mars 2024. Tilnefningarnefnd skipa:

Magnús Jónsson, formaður, fyrrv. sveitarstjóri Skagastrandar.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, nefndarmaður, borgarfulltrúi.

Rósa Guðbjartsdóttir, nefndarmaður, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Stjórn hefur sett tilnefningarnefnd starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint.

Árangursmat stjórnar

Til samræmis við lög um fjármálafyrirtæki skal stjórn árlega endurmeta stjórnarhætti sína með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti og bregðast við með viðeigandi hætti ef þörf er á.

Stjórn Lánasjóðsins hefur metið störf sín út frá „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ og var það mat framkvæmt fyrst á árinu 2013. Matið er svokallað sjálfsmat, þar sem lagðar eru spurningar fyrir stjórnarmenn í tengslum við mat þeirra á eigin störfum eftir forskrift framangreindra leiðbeininga. Niðurstaða matsins er leiðbeinandi til úrbóta á þeim atriðum sem stjórn þykir ástæða til að endurskoða og er það þáttur í að efla stjórnarhætti sjóðsins. Sjálfsmat stjórnar er framkvæmt á hverju ári.



Viðauki II – Hlutfall grænna eigna

Óendurskoðuð

0. Samantekt lykilárangursmælikvarða sem lánastofnanir eiga að birta skv. 8. gr. reglugerðarinnar um Taxonomy flokkunarkerfið

		Umhverfissjálfbærar eignir alls	Lykilárangurs- mælikvarðar ****	Lykilárangurs- mælikvarðar ****	% þekju (yfir heildareignir) ***
Lykilárangurs-mælikvarðar	Hlutfall grænna eigna (GAR) af eignastöðu	0			94,85%

		Umhverfissjálfbær starfsemi alls	Lykilárangurs- mælikvarði	Lykilárangurs- mælikvarði	% þekju (yfir heildareignir)
Vidbótarárangurs-mælikvarðar	Hlutfall grænna eigna (flæði)				
	Veltubók*				
	Fjárhagslegar tryggingar				
	Eignir í stýringu				
	Þóknanir og umboðstekjur**				

* Fyrir lánastofnanir sem uppfylla ekki skilyrðin í 1. mgr. 94. gr. reglugerðarinnar um eiginfjákröfur (CRR) eða skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 325. gr. a í reglugerðinni um eiginfjákröfur.

** Þóknanir og umboðstekjur af annarri þjónustu en lánveitingum og eignastýringu. Stofnanir skulu birta framtíðarmiðaðar upplýsingar um þessa lykilárangursmælikvarða, þ.m.t. upplýsingar um markmið, ásamt viðeigandi skýringum á þeirri aðferðafræði sem er beitt.

*** % eigna sem falla undir lykilárangursmælikvarðann yfir heildareignum lánastofnunar.

**** Á grundvelli lykilárangursmælikvarða veltu fyrir mótaðila.

***** Á grundvelli lykilárangursmælikvarða fjárfestingargjalda fyrir mótaðila, nema fyrir útlánastarfsemi þar sem lykilárangursmælikvarði veltu fyrir almennar lánveitingar er notaður.

2. Upplýsingar um hlutfall grænna eigna eftir geirum - byggt á veltu

Sundurliðun eftir geira - Fjögurra tölustafa þrep atvinnugreinaflokkanar Evrópusambandsins (kóól og merkimiði)	a		b		c		d		e		f		g		h		i		j		k		l	
	Mótvægi við loftslagsbreytingar (CCM)												Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA)						ALLS (CCM + CCA)					
	Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (sem falla undir NFDR)				Lítil og meðalstjór fyrirtæki og önnur fyrirtæki en fjármálfyrirtæki sem ekki falla undir NFDR				Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (sem falla undir NFDR)				Lítil og meðalstjór fyrirtæki og önnur fyrirtæki en fjármálfyrirtæki sem ekki falla undir NFDR				Fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki (sem falla undir NFDR)				Lítil og meðalstjór fyrirtæki og önnur fyrirtæki en fjármálfyrirtæki sem ekki falla undir NFDR			
	Vergt bókfært heildarverð				Vergt bókfært heildarverð				Vergt bókfært heildarverð				Vergt bókfært heildarverð				Vergt bókfært heildarverð				Vergt bókfært heildarverð			
Milljón ISK		Par af umhverfis-sjálfbær (CCM)		Milljón ISK		Par af umhverfis-sjálfbær (CCM)		Milljón ISK		Par af umhverfis-sjálfbær (CCA)		Milljón ISK		Par af umhverfis-sjálfbær (CCA)		Milljón ISK		Par af umhverfis-sjálfbær (CCM+CCA)		Milljón ISK		Par af umhverfis-sjálfbær (CCM+CCA)		
1	Fjármögnun sveitarfélaga	27.055	0					0	0			27.055	0											
2																								
3																								
4																								
...																								

4. Lykilárangursmælikvarði fyrir hlutfall grænna eigna í flæði - byggt á veltu

	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o	p		
	Viðmiðunardagsetning birtingar 31.12.2024																	
	Mótvægi við loftslagsbreytingar (CCM)				Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA)				ALLS (CCM + CCA)									
	Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir)				Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir)				Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir)				Hlutfall heildarumfangs eigna					
% (í samanburði við heildarumfang eigna í nefnanum)	Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu)				Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu)				Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu)									
	Par af nýtingu ávinnings		Par af umbreyting / aðlögun		Par af starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark miðum		Par af nýtingu ávinnings		Par af umbreyting / aðlögun		Par af starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark miðum		Par af nýtingu ávinnings		Par af umbreyting / aðlögun		Par af starfsemi sem gerir annari starfsemi kleift að stuðla að umhverfismark miðum	
1	Hlutfall grænna eigna - Umfang eigna í bæði teljara og nefnara																	
2	Lán og fyrirgreiðslur, skuldagæmingar og hlutabréfagæmingar sem ekki eru ætluð til veltuvíðskipta, en eru hæf fyrir útreikning á hlutfalli grænna eigna																	
3	Fjármálfyrirtæki																	
4	Lánastofnanir																	
5	Lán og fyrirgreiðslur																	
6	Skuldagæmingar, þ.m.t. nýting ávinnings (Use og Proceeds (UoP))																	
7	Hlutabréfagæmingar																	
8	Önnur fjármálfyrirtæki																	
9	Par af verðbréfa fyrirtæki																	
10	Lán og fyrirgreiðslur																	
11	Skuldagæmingar, þ.m.t. nýting ávinnings (Use og Proceeds (UoP))																	
12	Hlutabréfagæmingar																	
13	par af rekstrarfélög																	
14	Lán og fyrirgreiðslur																	
15	Skuldagæmingar, þ.m.t. nýting ávinnings (Use og Proceeds (UoP))																	
16	Hlutabréfagæmingar																	
17	par af veltuvíðskipta félög																	
18	Lán og fyrirgreiðslur																	
19	Skuldagæmingar, þ.m.t. nýting ávinnings (Use og Proceeds (UoP))																	
20	Hlutabréfagæmingar																	
21	Fyrirtæki önnur en fjármálfyrirtæki																	
22	Fyrirtæki önnur en fjármálfyrirtæki (NFC) sem falla undir birtingaskyldur samkvæmt tilskipuninni um birtingu ófjárhagslegra upplýsinga																	
23	Lán og fyrirgreiðslur																	
24	Skuldagæmingar, þ.m.t. nýting ávinnings (Use og Proceeds (UoP))																	
25	Hlutabréfagæmingar																	
26	Heimili																	
27	par af lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði																	
28	par af lán til endurmyjunar bygginga																	
29	par af lán vegna kaupna á veikinunni okutæki																	
30	Fjármögnun sveitarfélaga																	
31	Trygging sem fengin er með yfirtöku á: íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði																	
32	Önnur fjármögnun sveitarfélaga																	
49	Hlutfall grænna eigna alls																	

5. Lykilárangursmælikvarði fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings - byggt á veltu

	a	b	c	d	e	f	g	h	i	j	k	l	m	n	o
	Viðmiðunardagsetning birtingar 31.12.2024														
	Mótvaði við loftslagsbreytingar (CCM)				Aðlögun að loftslagsbreytingum (CCA)					ALLS (CCM + CCA)					
% (compared to total eligible off-balance sheet assets)	Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir)				Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir)					Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (flokkunarkerfið nær yfir)					
	Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu)				Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu)					Hlutfall heildarumfangs eigna sem fjármagna geira sem varða flokkunarkerfi (falla að flokkunarkerfinu)					
	Þar af nýtingu ávinnings		Þar af umbreyting / aðlögun		Þar af starfsemi sem getir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum			Þar af nýtingu ávinnings		Þar af umbreyting / aðlögun		Þar af starfsemi sem getir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum			
1 Financial guarantees (FinGuar KPI)															
2 Assets under management (AuM KPI)															